# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

217. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 15. SEPTEMBER 2017




# Stjórnarslit

Stjórn Bjartrar framtíðar samþykkti á fundi seint í gærkvöldi að slíta ríkisstjórnarsamstarfinu. Ástæðan er alvarlegur trúnaðarbrestur. Greint var frá því í gær að Benedikt Sveinsson, faðir forsætisráðherra, hefði verið einn þeirra sem mælti með uppreist æru fyrir dæmdan kynferðisbrotamann. Forsætis- og dómsmálaráðherra höfðu vitneskju um málið strax í júlí.

## Björt framtíð sleit samstarfinu samviskunnar vegna

**STJÓRNMÁL** „Þetta er hreinn og klár trúnaðarbrestur, milli þingflokks Bjartrar framtíðar annars vegar og forsætis- og dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins hinsvegar. Eins og staðan er núna þá leyfir samviskan okkur ekki annað en að slíta þessu samstarfi,“ segir Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra Bjartrar framtíðar, en stjórn flokksins samþykkti á fundi seint í gærkvöldi að slíta stjórnarsamstarfinu við Sjálfstæðisflokk og Viðreisn.

„Eins og allir vita hafa þessi lög um uppreist æru verið í deiglunni undanfarið og engan skal undra. Þau eru algjörlega úrelt og það er mikill vilji innan okkar raða að breyta þeim. En svo núna, þegar ljóst er að tveir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins leyndu þessum upplýsingum frá okkur, samráðherrum þeirra og ríkisstjórninni, í tvo mánuði, þá er ljóst að upp er kominn alvarlegur trúnaðarbrestur,“ segir Björt og vísar þar til þess að Benedikt Sveinsson, faðir Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra, hafi verið einn umsagnaraðila fyrir Hjalta Sigurjón Hauksson, dæmdan kynferðisbrotamann, þegar hann sótti um uppreist æru í fyrra, líkt og Vísir greindi frá í gær.

Aðspurð segist Björt ekki ætla að tjá sig um hvort ráðherrunum tveimur sé sætt í embætti. „En okkur, ráðherrum Bjartrar framtíðar, þykir okkur ekki sætt í þeirra ríkisstjórn. Það er komið í ljós að dómsmálaráðherra ákveður að deila upplýsingum með forsætisráðherra, sem ég get ekki séð að sé lögum samkvæmt – hún verður að svara fyrir það, af hverju hún gerði það og af hverju, á sama tíma, ráðuneytið hennar vildi ekki láta álíka gögn af hendi til annarra þótt eftir þeim væri óskað. Hún þarf að svara því hvort þessi vitneskja hennar um föður forsætisráðherrans hafi haft áhrif á þá ákvörðun hennar að vilja ekki láta gögnin af hendi. Hún hefur að minnsta kosti ekki treyst okkur í Bjartri framtíð fyrir því og þess vegna er ljóst að traustinu er ekki fyrir að fara. Þess vegna ákváðum við að slíta samstarfinu.“

Ekki náðist í Bjarna Benediktsson né Sigríði Á. Andersen við gerð fréttarinnar. **-ósk**

## Tvær forsíður á Fréttablaðinu

**FRÉTTABLAÐIÐ** Í dag eru tvær forsíður á Fréttablaðinu. Ástæðan er sú að eftir að blaðið fór í prentun seint í gærkvöldi, urðu þau tíðindi að Björt framtíð sleit ríkisstjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn og Viðreisn.







Veður




Suðvestlæg átt 3-8 m/s í dag og skýjað með köflum, en 8-13 á Vestfjörðum. Hlýnar í veðri og má búast við 10 til 15 stiga hita. SJÁ SÍÐU 22

# Skúli í Subway til rannsóknar hjá saksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Viðskiptagjörningar Skúla Gunnars Sigfússonar, sem oft er kenndur við Subway, eru til rannsóknar hjá Héraðssaksóknara. Þetta staðfestir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari en vill ekki segja til um hvert inntak rannsóknarinnar er eða hvar hún er á vegi stödd.

„Ég hef fengið það staðfest hjá embætti Héraðssaksóknara að sakamálarannsókn sé hafin og málinu hafi verið úthlutað til tveggja starfsmanna embættisins til rannsóknar,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður og skiptastjóri EK1923 (áður Eggert Kristjánsson heildverslun hf.).



Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður

Sveinn kærði Skúla og fleiri til Héraðssaksóknara vegna meintrar margháttaðrar refsiverðrar háttsemi í fjórum kærum fyrr á þessu ári. Meint brot Skúla varða meðal annars við refsiákvæði gjaldþrotalaga og ákvæði almennra hegningarlaga um fjársvik og skjalafals. Hin meintu brot varða gjörninga milli EK1923 annars vegar og Sjöstjörnunnar ehf. og Stjörnunnar ehf. hins vegar. Skúli er fyrrverandi eigandi og stjórnarmaður EK en síðari félögin tvö eru bæði í 100 prósent eigu Skúla.

„Ég vísa þessu gjörsamlega á bug. Þetta er algjörlega tilhæfulaust og tíminn mun leiða það í ljós,“ segir Skúli, inntur eftir viðbrögðum. **– aá**



Skúli Gunnar Sigfússon, athafnamaður og eigandi Subway-keðjunnar

# Neitaði sök fyrir héraðsdómi



Sveinn Gestur Tryggvason neitaði í gær sök við þingfestingu í máli héraðssaksóknara gegn honum í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hann er ákærður fyrir stórfellda líkamsárás þegar ráðist var á Arnar Jónsson Aspar í júní síðastliðnum með þeim afleiðingum að hann beið bana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Kókaín og gras áfram vinsælt

**HEILBRIGÐISMÁL** Mest er verslað með gras, amfetamín og kókaín á ólöglegum fíkniefnamarkaði. Þetta kemur fram í tilkynningu frá SÁÁ um mánaðarlega könnun á verðlagi á slíkum efnum sem gerð var á innrituðum sjúklingum á Vogi.

Einnig kemur fram að óvenju mikið hafi verið höndlað með MDMA-duft eða kristalla í síðasta mánuði og að verðið á því virðist hið sama og á kókaíni.

Fáir svarendur sögðust hafa keypt fíkniefnið Spice, aðeins tveir, og átta höfðu notað kannabisefni í rafrettur.

Samkvæmt könnuninni helst verð á algengustu efnum nokkuð stöðugt. Kostar grammið af grasi til að mynda 2.820 krónur að meðaltali samanborið við 2.890 í júlí og grammið af kókaíni 16.430 samanborið við 15.910 krónur í júlí. **– þea**




# Sérfræðingar vita oftast minna en foreldrarnir

Hin þriggja ára gamla Fjóla Röfn er eina barnið á Íslandi sem greinst hefur með Wiederman-Steiner heilkennið. Einungis tveir sérfræðingar í heiminum hafa þekkingu á því. Alþjóðadagur heilkennisins er haldinn í fyrsta sinn í dag.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Hún er rosalega félagslynd, glöð, orkumikil, og hún kyssir mann allan daginn. Hún elskar hundinn sinn, Glaum, sem er labrador og veit fátt skemmtilegra en að stríða fólki og Glaumi,“ segir Ásdís Gunnarsdóttir um dóttur sína, Fjólu Röfn.

Þriggja ára gamla stúlkan er eina barnið á Íslandi sem hefur greinst með Wiederman-Steiner heilkennið. Ásdís segir að það sem helst einkenni heilkennið sé seinn þroski. Börn með heilkennið þroskist ekki eins og önnur börn. Það fyrsta sem Ásdís og Garðar Aron Guðbrandsson, pabbi Fjólu, hafi hins vegar fundið fyrir var að Fjóla nærist ekki eðlilega. „Alveg frá því að hún fæðist er alveg ströggl að koma einhverju ofan í hana. Þangað til að hún fékk sondu í nefið og svo í framhaldinu hnapp í magann. Það var áður en hún fékk greininguna,“ segir Ásdís. Þá eru börnin vanalegast eftir á í tali. Einnig bera þau sterk útlitseinkenni með stórar augabrúnir, mikinn hárvöxt og skásett augu.

Það fylgja því nokkrar áskoranir að eiga barn með svo fágætt heilkenni. „Það er aðallega að það er enginn sérfræðingur sem veit neitt meira en við. Það eru tveir í heiminum og þeir búa báðir erlendis,“ segir Ásdís. Blessunarlega sé þó annar þessara sérfræðinga Íslendingur. Læknar og aðrir sérfræðingar á Íslandi viti því í mörgum tilfellum minna en þau foreldrarnir. „Maður er óöruggur með það af því að maður er enginn sérfræðingur, finnst manni. Og maður er svolítið að búa til manúalinn sjálfur.“

Fjóla Röfn er á leikskólanum Seljakoti í Seljahverfi og þar er leikskólakennari sem fylgir henni hvert fótmál. Á morgun er alþjóðadagur Wiederman-Steiner heilkennisins haldinn opinberlega í fyrsta sinn.



Fjóla Röfn er þriggja ára gömul. Hún er eini Íslendingurinn með heilkennið, sem orsakast af genagalla á ellefta litningi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Hún elskar hundinn sinn, Glaum, sem er labrador og veit fátt skemmtilegra en að stríða fólki og Glaumi.
>
> Ásdís Gunnarsdóttir, móðir Fjólu Rafnar

Seljakot mun ekki láta sitt eftir liggja þann daginn. „Allir krakkar ætla að mæta í appelsínugulu og bláu, sem eru einkennislitir heilkennisins, og mér skilst að það verði fjör á leikskólanum og allir meðvitaðir um að þetta sé dagur heilkennisins,“ segir Ásdís. Í október munu Ásdís og Garðar Aron svo fara til Orlando á alþjóðlega ráðstefnu um heilkennið. „Við erum að fara þangað til að fræðast og hitta aðra krakka og foreldra, þannig að hún fer með,“ segir Ásdís.

Ásdís vill vekja athygli á vefsíðunni wssfoundation.org þar sem finna má fræðslu um heilkennið.

**jonhakon@frettabladid.is**

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# HYBRID HELGI

YARIS | AURIS | PRIUS | C-HR | RAV4

16.–17. SEPTEMBER HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM TOYOTA Á ÍSLANDI*




**Sérstakt sýningartilboð verður á öllum Hybrid bílum.**

**Með hverjum keyptum Hybrid bíl fylgir þar að auki Lenovo IdeaPadYoga 520 fartölva frá Nýherja að verðmæti 159.900 kr. Kraftmiklar „Hybrid" tölvur sem eru alveg útblásturslausar.**



Lenovo

NÝHERJI

## Vertu Hybrid-megin í umferðinni.

Helgina 16.–17.* september frá kl. 12–16, bjóðum við þér að koma og kynnast öflugu Hybrid bílunum okkar. Þeir eru einstakir hvað varðar tækni, áreiðanleika og lipurð í akstri. Komdu við og taktu snúning í reynsluakstri. Núna er tíminn til að snúa til Hybrid. Við tökum vel á móti þér.

· **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

| **Toyota Kauptúni** | **Toyota Akureyri** | **Toyota Reykjanesbæ** | **Toyota Selfossi** |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

*Opið á sunnudag hjá **Toyota Kauptúni** og á **Akureyri**

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Kemur í ljós hvort stjórn Hörpu skoðar mál Sigur Rósar

**STJÓRNSÝSLA** „Það kemur bara að því á næsta stjórnarfundi ef ástæða er til,“ segir Þórður Sverrisson, nýr stjórnarformaður Hörpu ohf., aðspurður hvort stjórnin muni óska eftir skýringum frá forstjóra um hvað leiddi til þess að tónleikahaldaranum Kára Sturlusyni voru greiddir út tugir milljóna af miðasölu tónleika Sigur Rósar sem fram eiga að fara í desember.

Þeir peningar eru horfnir og herma heimildir að Kári hafi ráðstafað þeim í annað.

Þórður tók við stjórnarformennsku á mánudag og viðurkennir að hann sé ekki búinn að setja sig inn í þetta mál og viti ekki betur en að það sé allt með eðlilegum hætti gagnvart Hörpu. Vísar hann á Svanhildi Konráðsdóttur þar sem um sé að ræða rekstrarmál sem eingöngu forstjóri fjalli um.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þarf ekki að vera óeðlilegt að tónleikahaldarar fái aðgang að miðasölutekjum sem Harpa heldur utan um. Það sé hins vegar háð hverjum samningi hverju sinni. Forstjóri Hörpu hefur hins vegar ekkert viljað segja um það og ber fyrir sig trúnað við viðskiptavini.

Forstjóri heyrir undir stjórn og segir Þórður, þegar hann er spurður að því hvort ekki sé eðlilegt að stjórnin láti sig málið varða og fái því í það minnsta svarað hvort Harpa muni bera skaða af því, að það komi þá upp á næsta stjórnarfundi.

„Þetta er nú ekki þannig mál, en ég þekki það ekki. Það kemur í ljós ef svo er.“ **– smj**



**Tónleika- og ráðstefnuhúsið Harpa.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Heimild til að selja Málmey

**SKAGAFJÖRÐUR** Í fjárlagafrumvarpi Benedikts Jóhannessonar fjármálaráðherra er að finna heimild ríkisins til þess að selja Skagfirðingum Málmey í Skagafirði. Fyrir á Skagafjörður Drangey og vill festa kaup á Málmey einnig.



**Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðarráðs Skagafjarðar**

„Já, okkur þykir auðvitað nærtækast að við eignumst Málmey líka,“ segir Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar. „Við höfum átt í viðræðum við hið opinbera í nokkuð langan tíma og þessi heimild hefur legið inni á fjárlögum í nokkuð mörg ár án þess að samningar hafi náðst.“

Að mati Stefáns Vagns er það aðeins verðmiðinn sem ríkissjóður setur á Málmey sem sé ásteytingarsteinninn í þessum viðræðum. „Já, við höfum alls ekki verið sammála um verðið. En við vonumst eftir því að úr rætist fyrr en seinna. Auðvitað eiga eyjarnar í Skagafirði að vera í okkar eigu en ekki ríkis.“ **– sa**

## Hólaskóli laus úr gjörgæslu

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun telur ekki ástæðu til að ítreka ábendingar um rekstur Hólaskóla sem stofnunin gaf árið 2011.

Stofnunin leggur áherslu á að rekstur skólans sé ætíð innan fjárheimilda og hvetur til þess að gengið verði sem fyrst frá samningi Hólaskóla við sveitarfélagið Skagafjörð um þjónustu til þess að greina megi milli skóla- og staðarhalds á Hólum. **– sa**

# Hótelgisting hælisleitenda úr 205 þúsundum í 176 milljónir

Árið 2014 nam kostnaður Útlendingastofnunar vegna leigu á hótel- og gistiheimilaherbergjum fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd rúmum 205 þúsund krónum. Í fyrra nam hann 176 milljónum. Fordæmalaus aukning í umsóknum veitti ekki ráðrúm til útboðs, segir upplýsingafulltrúi Útlendingastofnunar.

**ÚTLENDINGAMÁL** Kostnaður Útlendingastofnunar vegna leigu á hótel- og gistiheimilaherbergjum fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd fór úr rúmlega 200 þúsund krónum árið 2014 í 176 milljónir árið 2016. Þessi leiga fór ekki í útboð þar sem ófyrirséð sprenging varð í fjölda umsókna um alþjóðlega vernd í fyrrahaust. Gisting hefur verið keypt eftir þörfum hverju sinni.

Kostnaðurinn vegna þessa kom fram í svari Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu Guðrúnar Helgadóttur, þingmanns Pírata, sem birt var á vef Alþingis í síðustu viku.

Þar segir að frá ársbyrjun 2017 hafi verið haldin skrá yfir fjölda herbergja sem tekin hafa verið á leigu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd en ekki er til yfirlit um fjölda herbergja fyrir þann tíma. Árlegur heildarkostnaður vegna leigu á herbergjum á hótelum og gistiheimilum án útboðs var 205.590 kr. árið 2014 en jókst síðan gríðarlega árið 2015 og nam þá 28.090.095 kr. Það var þó ekkert miðað við árið í fyrra þegar kostnaðurinn nam 176.098.930 kr.

Fram kemur í svarinu að leiguverð á stöku herbergi sé mjög mismunandi eftir stærð, staðsetningu og veittri þjónustu en sé á bilinu 8 til 15 þúsund krónur fyrir hverja nótt.

Þórhildur Hagalín, upplýsingafulltrúi Útlendingastofnunar, segir að aukinn kostnað í fyrra megi fyrst og fremst rekja til fordæmalausrar fjölgunar í umsóknum hælisleitenda á haustmánuðum ársins 2016.




**Kostnaður Útlendingastofnunar vegna hótel- og gistiherbergjaleigu hefur aukist mikið á síðustu árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta var það mikil ófyrirséð aukning á mjög skömmum tíma að það var ekki ráðrúm til að bjóða nokkuð út í þessum efnum.“

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2018, sem lagt var fram í vikunni, er áætlað að kostnaður vegna fjölgunar umsókna um hæli hér á landi muni nema 2,2 milljörðum króna umfram fjárheimildir. Kostnaður vegna málefna hælisleitenda felst annars vegar í þjónustu við hælisleitendur og uppihald, og hins vegar í málsmeðferð umsókna um alþjóðlega vernd. Rekstrarframlög til útlendingamála hækka um ríflega 1,5 milljarða króna til að mæta auknum kostnaði vegna fjölgunar hælisleitenda.

**mikael@frettabladid.is**

> **Þetta var það mikil ófyrirséð aukning á mjög skömmum tíma að það var ekki ráðrúm til að bjóða nokkuð út í þessum efnum.**
>
> Þórhildur Hagalín, upplýsingafulltrúi Útlendingastofnunar

SLÁANDI SEPTEMBER AFSLÁTTUR

GRAND CHEROKEE

Með 600.000 kr afslætti.
DÆMI: Laredo 8.990.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 8.390.000 kr.



- 600.000 kr.

Allir sem kaupa eða panta nýjan Jeep hjá Ís-Band í september, geta fengið sláandi afslátt.

*Tilboðið gildir til 30. september 2017

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Til stendur að hækka áfengisgjald um 2,2 prósent og um 10 prósent til viðbótar á léttvín. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gagnrýna hækkun áfengisgjalds

**STJÓRNMÁL** Félag atvinnurekenda gagnrýnir harðlega fyrirhugaða hækkun áfengisgjalds, sem boðuð er í nýju fjárlagafrumvarpi, í pistli á vef sínum í gær.

Fram kemur í pistlinum að félagið hafi spurt þegar fjárlagafrumvarp ársins 2017 var lagt fram hvort engin takmörk væru fyrir skattlagningu á áfengi. Nú hafi svarið borist með nýju fjárlagafrumvarpi. „Þar er enn bætt duglega í skattpíningu neytenda þessarar einu neysluvöru; öll áfengisgjöld taka 2,2% verðlagshækkun og áfengisgjald á léttvín hækkar um 10% til viðbótar.“

„Skattlagning á áfengi er hins vegar orðin svo gjörsamlega fráleit að öll rök standa til þess að lækka þá skattinn á bjór fremur en að hækka hann á léttvíni,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA, í pistlinum. – þea

# Vilja að fólkið fái ríkisborgararétt

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Samfylkingar, Vinstri grænna og Pírata hafa lagt fram frumvarp um veitingu ríkisborgararéttar til Abrahims og Haniye Maleki, Joy og Mary Lucky og Sundey Iserien.

Mál Maleki-feðginanna hafa verið áberandi í fjölmiðlum en brottvísun þeirra úr landi, sem vofað hefur yfir mánuðum saman, hefur nú verið frestað fram eftir septembermánuði.

„Það eru nú þegar 23 þingmenn á frumvarpinu en því til viðbótar hafa nokkrir þingmenn Viðreisnar og aðrir þingmenn lýst áhuga á að styðja frumvarpið, séu ekki aðrar leiðir færar fyrir þessa einstaklinga,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar og fyrsti flutningsmaður frumvarpsins. Málið er fyrsta forgangsmál Samfylkingarinnar og Logi er bjartsýnn á að það fái brautargengi. – aá



Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar

# Hótel í vanda á Vegamótastíg

**SKIPULAGSMÁL** Fimm hæða hótel sem rísa átti á Vegamótastíg 7 og 9 er of margar hæðir miðað við deiliskipulag. Byggingarleyfi sem Reykjavíkurborg gaf út í maí var í síðustu viku fellt úr gildi af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Er það vegna þess að kjallarahæðir eiga að vera tvær en megi aðeins vera ein.

Ennfremur segir úrskurðarnefndin að ekki sé gert ráð fyrir nógu mörgum bílastæðum fyrir hreyfihamlaða og að hótelið muni loka flóttaleið úr nærliggjandi húsi í trássi við þinglýsta kvöð á lóðinni.

Fyrir tveimur dögum gaf byggingarfulltrúi borgarinnar út takmarkað byggingarleyfi fyrir jarðvegsframkvæmdum við hótelið. – gar

## Á flótta



Þessir Rohingjar stigu á land í Bangladess í gær, nærri ánni Teknaf, eftir að hafa flúið frá Mjanmar. Þar sæta Rohingjar ofsóknum og eru saklausir borgarar beittir ofbeldi í Rakhine-héraði landsins, að því er Sameinuðu þjóðirnar greina frá. Nærri 400.000 hafa flúið til Bangladess undanfarið, þar af rúmlega hundrað þúsund síðustu tvo daga. Aung Sang Suu Kyi, leiðtogi Mjanmar, hefur verið gagnrýnd fyrir þögn sína í málinu. NORDICPHOTOS/AFP

# Nífalt fleiri karlmenn heldur en konur fyrirfóru sér í fyrra

**Mun fleiri karlmenn fremja sjálfsvíg en konur auk þess sem karlar eru yfirleitt yngri þegar þeir grípa til þess ráðs. Framkvæmdastjóri Geðhjálpar segir samfélagið verða að leggjast á eitt til að styðja fólk sem lendir í mótvindi og áföllum. Nauðsynlegt sé að efla heilsugæsluna og tryggja sálfræðiþjónustu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Alls 36 karlmenn fyrirfóru sér á síðasta ári og hafa ekki verið fleiri sjálfsvíg karlmanna á einu ári, fyrir utan 2010, þegar þau voru jafn mörg, það sem af er þessari öld. Framkvæmdastjóri Geðhjálpar segir nauðsynlegt að efla heilsugæsluna og tryggja sálfræðinga í framhaldsskólum.

„Því miður fer geðheilsu ungs fólks hrakandi. Það eru nýlegar rannsóknir sem sýna fram á það,“ segir Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar. „Við verðum sérstaklega að hlúa vel að ungu fólki. Samhliða styttingu framhaldsskólanáms og aukinni pressu þá er gífurleg eftirspurn eftir ungmennum á vinnumarkaði. Ofan á þetta bætist álag frá samfélagsmiðlum.“

Anna segir nauðsynlegt að tryggja greiðan aðgang að geðheilbrigðisþjónustu frá vöggu til grafar. Heilsugæsluna verði að efla og fá sálfræðinga þangað inn sem sinna fullorðnu fólki. „Sem stendur er fyrsta þrep þjónustunnar veikt og það býr til álag á spítalana. Þeir hafa varla bolmagn til að taka á móti öllum sem leita til þeirra,“ segir Anna.

Fjórar konur fyrirfóru sér á síðasta ári og hafa sjálfsvíg kvenna ekki verið færri á síðustu sautján árum. Árið 2011 fyrirfóru fimm sér en á öðrum árum áratugarins hafa sjálfsvíg þeirra verið fleiri en tíu. Sé litið á tölur yfir sjálfsvíg síðustu tuttugu árin má sjá að karlmenn eru tvöfalt til þrefalt líklegri til að stytta sér aldur. Úr tölunum um sjálfsvígin má lesa að karlmenn séu líklegri til að fyrirfara sér fyrr á lífsleiðinni meðan konur gera það frekar um miðjan aldur.

„Við verðum að styðja við fólk sem lendir í mótvindi, hlúa að því og byggja upp mannvænt samfélag. Við lögðumst í átakið Út með'a árið 2015 og höfum fundið fyrir miklum velvilja í garð þess, bæði frá hinu opinbera og einstaklingum. Nú bíðum við eftir því að starfshópur um þetta málefni, sem skipa átti samkvæmt geðheilbrigðisáætlun frá árinu 2015, verði skipaður.“

johannoli@frettabladid.is

### Ráðist í átak aldamótaárið

Aldamótaárið 2000 fyrirfóru fimmtíu einstaklingar sér, 42 karlar og átta konur, og var í kjölfarið ráðist í átak í þessum málum. Sjálfsvígum fækkaði árin á eftir en þeim fjölgaði jafnt og þétt á árunum 2004-2010. Skörp dýfa varð árið 2011 en síðan hefur þeim fjölgað á ný. Sé eingöngu horft á árin 2010-2017 hafa fjórutíu eða fleiri svipt sig lífi í fimm ár af sjö.



Sé fólk haldið vanlíðan eða sjálfsvígshugsunum er meðal annars hægt að hringja í símanúmerið 1717. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar










OPIÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is




SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9

Þorgeir, Kristófer og Bragi fara yfir málefni líðandi stundar.

VIRKA DAGA MILLI 16:00 OG 18:30.

BYLGJAN 989




Þegar fangi afplánar með rafrænu eftirliti er hann með ökklaband. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tvöfalt fleiri afplána nú með ökklaband

**Að meðaltali sautján manns afplána dóma sína dag hvern undir rafrænu eftirliti. Fjöldinn hefur tekið stórt stökk frá því í fyrra. Páll Winkel fangelsismálastjóri segir úrræðið nauðsynlegan lið í aðlögun fanga að samfélaginu að nýju.**

**SAMFÉLAG** Það sem af er ári hafa að meðaltali 17 manns afplánað fangelsisdóma sína með rafrænu eftirliti á hverjum degi. Í fyrra voru það hins vegar að meðaltali sjö.

Alls hafa 198 manns hafið afplánun með rafrænu eftirliti frá því að úrræðið var tekið í notkun árið 2012. Með þessu úrræði geta fangarnir afplánað utan veggja fangelsa en bera ökklabönd meðan á afplánun stendur. Níu manns hafa þurft að fara aftur í fangelsi vegna rofs á skilyrðum sem um slíkt eftirlit gildir.

Hlutfall þeirra sem afplána með rafrænu eftirliti hefur verið á bilinu 12 til 21 prósent af heildarfjölda fanga frá því að úrræðið var tekið í notkun. Það er sífellt meira notað og hefur fjöldi þeirra sem nýta sér úrræðið tekið stórt stökk í ár. Ástæðuna má einkum rekja til lagabreytingar þar sem heimildir fanga til að nýta sér það voru rýmkaðar í fyrra.

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir að í dag geti fangar með sex ára fangelsisrefsingu eða lengri verið allt að tólf síðustu mánuðina undir rafrænu eftirliti. Hann segir úrræðið hafa gengið vel. Það sé nauðsynlegur liður í þrepaskiptri aðlögun fanga að samfélaginu að nýju. „Mikilvægt er að fangar með langa refsingu lagist hægt en örugglega að samfélaginu að nýju,“ segir Páll í skriflegu svari til Fréttablaðsins.

Í lögum um fullnustu refsinga er kveðið á um heimild til að ljúka afplánun með rafrænu eftirliti. En þar er líka kveðið á um skilyrði fyrir því að slíkt rafrænt eftirlit fari fram. Jafnframt segir að rjúfa megi rafrænt eftirlit þegar fangi stundar ekki vinnu, nám eða starfsþjálfun eða meðferð sem var forsenda fullnustu utan fangelsis. Hið sama á við þegar fangi strýkur frá stofnun eða heimili, brýtur reglur þess eða rýfur skilyrði fyrir fullnustu. Sama gildir telji stofnun eða heimili brostnar forsendur fyrir áframhaldandi dvöl fanga þar. Við slíkar aðstæður er fangi fluttur aftur til afplánunar í fangelsi.

Árið 2012 rauf einn fangi skilyrði rafræns eftirlits, árin 2013-2016 rufu árlega tveir fangar þessi skilyrði en í ár hefur enginn rofið þau.

jonhakon@frettabladid.is

**Meðaltalsfjöldi fanga undir rafrænu eftirliti á hverjum degi**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2012 | 5,4 | 2015 | 7,7 |
| 2013 | 5,9 | 2016 | 7,0 |
| 2014 | 8,2 | 2017 | 17,7 |

> Mikilvægt er að fangar með langa refsingu lagist hægt en örugglega að samfélaginu að nýju.

Páll Winkel, fangelsismálastjóri



## Rafsígarettur leyfðar í farþegaþotum

**FLUGMÁL** Engar hömlur eru á því að hafa rafsígarettur meðferðis í handfarangri í farþegaþotum samkvæmt upplýsingum frá Isavia. Notkun þeirra um borð er hins vegar bönnuð.

Lýst var yfir hæsta viðbúnaðarstigi um kvöldmatarleytið í fyrrakvöld er talið var að eldur væri laus um borð í þotu Wizz Air sem þá var nýlega farin frá Keflavíkurflugvelli í átt til Póllands með ríflega 70 manns um borð. Vélinni var snúið við og lenti hún áfallalaust í Keflavík.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu virðist liggja fyrir að viðvörunarkerfi um borð í þotunni hafi farið í gang eftir að kviknað hafði í rafsígarettu sem farþegi henti síðan ofan í salernisskál.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir aðspurður að ekki séu dæmi um það hjá félaginu að farþegar séu að nota rafsígarettur um borð í þotunum.

„Auðvitað verðum við vör við að fólk sé með rafsígarettur en samt ekki í neinum mæli og þetta er ekkert vandamál. Það kemur fram í öryggisávarpinu að notkun á rafsígarettum sé ekki heimil eins og með allt tóbak,“ segir Guðjón.

Atvikið er til rannsóknar hjá bæði flugslysasviði rannsóknarnefndar flugslysa og hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Að svo stöddu stendur ekki til að setja bann við því að farþegar hafi rafsígarettur með sér inn í flugvélar samkvæmt svari frá Isavia. Hins vegar verði tekin afstaða til þeirrar spurningar þegar niðurstöður úr rannsóknum málsins liggja fyrir.

Þess má geta að heimilt er fyrir farþega að vera með kveikjara í flugi og þeir eru seldir á flugvellinum og fríhafnarsvæðinu. „Reglurnar hjá flugfélögum eru þannig að ef þú ert með einn kveikjara þá er hann ekki tekinn af þér; þannig að þetta er ekki álitið hættulegra en það,“ segir Guðjón.

Aðspurður hvort flugfélögin vildu vera laus við rafsígarettur og kveikjara í farþegarýminu svarar Guðjón að ekki sé um að ræða svo stórt vandamál. **– gar**

> Auðvitað verðum við vör við að fólk sé með rafsígarettur en samt ekki í neinum mæli og þetta er ekkert vandamál.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair



SEPTEMBER TILBOÐ BRIMBORGAR

# Ford KUGA




# YFIRBURÐIR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

FORD KUGA TITANIUM AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ **5.590.000** KR.

**TILBOÐSVERÐ FRÁ:**

**4.990.000** KR.

Tilboðið gildir um bíla sem til eru á lager og afhentir í september.

SPARAÐU 600.000 KR.

## FORD KUGA TITANIUM AWD

- 150 hestafla dísilvél
- 2.100 kg dráttargeta
- 9 Sony hátalarar
- Apple Car Play og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Dökklitaðar rúður í farþegarými
- Upphitanleg framrúða
- Lyklalaust aðgengi
- Tölvustýrð tvískipt miðstöð með loftkælingu
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Stöðugleikastýrikerfi fyrir eftirvagn
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- Nálægðarskynjari að framan og aftan
- 17“ Titanium álfelgur

Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Titanium AWD***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

## Stiklað á stóru í þingmálum ríkisstjórnarinnar fyrir 147. þing



**Bjarni Benediktsson**
forsætisráðherra

Endurnot opinberra upplýsinga.
**NÓVEMBER**

Frumvarp um stofnun Þjóðarsjóðs.
**FEBRÚAR**



**Björt Ólafsdóttir**
umhverfisráðherra

Starfsemi í þjóðgörðum gerð leyfisskyld. Þjónustugjöld heimiluð.
**SEPTEMBER**

Þjóðgarðastofnun komið á fót. Tekur yfir núverandi þjóðgarða.
**FEBRÚAR**



**Guðlaugur Þór Þórðarson**
utanríkisráðherra

Stofnun Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.
**FEBRÚAR**

Fríverslun við Filippseyjar.

Ýmsar EES-innleiðingar.



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Uppboðsmarkaður sjávarafla.
**JANÚAR**

Breytingar á lögum um MAST. Skýrari reglur verði meðal annars settar um upplýsingagjöf og eftirlit.
**DESEMBER**

Breytingar á byggðakvóta.
**DESEMBER**

Heildarlöggjöf um fiskeldi byggð á tillögum starfshóps.
**DESEMBER**

Undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga afnumdar úr búnaðarlögum.
**OKTÓBER**

Frumvarp til laga um fyrirkomulag gjaldtöku fiskveiðiheimilda.
**MARS**

Breytingar á tollalögum um viðskipti við ESB með landbúnaðarvörur. Fjármálaráðuneytið verður með í ráðum.
**MARS**



**Kristján Þór Júlíusson**
mennta- og menningarmálaráðherra

Launasjóði stórmeistara í skák breytt eftir fyrirmynd listamannalauna.
**JANÚAR**

Ný heildarlög um Lánasjóð íslenskra námsmanna.
**FEBRÚAR**



**Óttarr Proppé**
heilbrigðisráðherra

Bann við frammistöðubætandi efnum og lyfjum.
**SEPTEMBER**

Rafrettufrumvarpið.
**OKTÓBER**

Lyfjalög.
**OKTÓBER**

Kynheilbrigði og þungunarrof. Byggt á vinnu starfshóps um efnið.
**FEBRÚAR**



**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadótttir**
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Heildarendurskoðun á lögum um skipan ferðamála.
**NÓVEMBER**

Flugþróunarsjóður stofnaður til að styðja millilandaflug til Akureyrar og Egilsstaða.
**MARS**

Breytingar á einka- og hlutafélagalögum sem miða að því marki að varna kennitöluflakki.
**MARS**

Breytingar á reglum um tækifærisleyfisveitingar.
**MARS**

Breyting á lögum um einkaleyfi í tengslum við innleiðingu á reglugerð ESB um viðbótarvernd fyrir lyf ætluð börnum.
**OKTÓBER**



**Benedikt Jóhannesson**
fjármálaráðherra

Breytingar á skattlagningu ökutækja og eldsneytis.
**OKTÓBER**

Heiti Viðlagatryggingar breytt og eigin áhætta aukin.
**NÓVEMBER**

Ýmiss konar breytingar á lögum um virðisaukaskatt.
**NÓVEMBER**

Hámark sett á milligjöld vegna kortatengdra greiðslna.
**JANÚAR**



**Jón Gunnarsson**
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Skerpt á framkvæmd við fasteignamat. Þjóðskrá fær rýmri heimildir til að afla gagna.
**SEPTEMBER**

Stofnanir sem hafa eftirlit með skipum fái leyfi til að sekta.
**SEPTEMBER**

Fækkun borgarfulltrúa úr 23 í 15.
**SEPTEMBER**

Breytingar á lögum um póstþjónustu. Íslandspóstur missir einokun.
**OKTÓBER**

Stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir.
**OKTÓBER**

Heildarendurskoðun á umferðarlögum og orðalag þeirra fært meira til nútímans.
**DESEMBER**



**Sigríður Á. Andersen**
dómsmálaráðherra

Breytingar á reglum um aukastörf dómara.
**OKTÓBER**

Ýmis starfsemi gerð lögleg á helgidögum.
**FEBRÚAR**

Afnám reglna um uppreist æru.
**NÓVEMBER**

Nethappdrætti gert löglegt.
**FEBRÚAR**

Þinglýsingar gerðar rafrænar.
**OKTÓBER**

Niðurlagning endurupptökunefndar en þess í stað verði tekinn upp nýr dómstóll.
**JANÚAR**



**Þorsteinn Víglundsson**
félags- og jafnréttismálaráðherra

Þjónusta við fatlað fólk.
**SEPTEMBER**

Samningur um réttindi fatlaðs fólks.
**SEPTEMBER**

Frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða uppruna.
**OKTÓBER**

Lífeyristökualdur hækkaður í þrepum í 70 ár.
**OKTÓBER**

Starfsgetumat í stað örorkumats.
**FEBRÚAR**

Hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi hækkaðar.
**MARS**

# Fjölbreytt flóra á þingmálaskrá stjórnar

**Ný mál og endurflutt eru boðuð frá ríkisstjórninni en málaskrá hennar var birt í gær. Nýjar stofnanir, brotthvarf annarra og nýjar leiðir til tekjuöflunar eru á boðstólum. Nokkur mál sem mættu talsverðri andstöðu á síðasta þingi skjóta upp kollinum á nýjan leik.**

**ALÞINGI** Alls eru 188 mál á málaskrá ríkisstjórnar Íslands fyrir komandi þingvetur. Skemmst er frá því að segja að þau eru jafn misjöfn og þau eru mörg. Stiklað er á stóru í þingmálaskránni hér að ofan.

Fæst mál eru á lista hjá forsætisráðherra, Bjarna Benediktssyni, eða fimm talsins. Þar á meðal er stofnun Þjóðarsjóðs sem ætlað er að vera varasjóður til að losa ríkissjóð úr klandri án þess að steypa honum í skuldir.

Flest málin koma frá frænda hans, fjármálaráðherranum Benedikt Jóhannessyni, en þau eru alls 37. Auk fjárlaga og fjármálaáætlunar má nefna breytingar á virðisaukaskatti, breytingar á tollalögum, breytingar á hverjir heyra undir kjararáð og aðgerðir til að draga úr skattsvikum.

Nokkur mál sem ekki náðu í gegn á síðasta þingi verða endurflutt. Þar ber fyrst að nefna tvö mál sem varða réttindi fatlaðs fólks sem ekki náðu í gegn á lokametrunum í vor. Þau verða meðal fyrstu málum sem verða lögð fram og er stefnt að því að þau fari í gegnum þingið strax á fyrstu mánuðum þess. Lyfja- og rafrettufrumvörp heilbrigðisráðherra er einnig að sjá á lista stjórnarinnar en það síðarnefnda mætti talsverðri andstöðu í vor.

Vegtollar Jóns Gunnarssonar færast nær því að verða að veruleika en í næsta mánuði stefnir hann að því að leggja fram frumvarp um stofnun félaga um vegaframkvæmdir á stofnæðum frá höfuðborgarsvæðinu. Þá leggur hann aftur fram frumvarp sem afnemur fyrirhugaða fjölgun borgarstjórnarfulltrúa.

Dómsmálaráðherra stefnir að því að leggja endurupptökunefnd niður og koma á fót sérstökum endurupptökudómstól. Boðað frumvarp um brottfall ákvæða um uppreist æru kemur einnig fyrir þingið. Athygli vekur einnig að frumvarp um breytingar á helgidagafriði, sambærilegt því sem Píratar lögðu fram eitt sinn, er á dagskrá ráðherrans.
johannoli@frettabladid.is

# Forseti Bandaríkjanna heimsótti Flórída eftir storminn

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, heimsótti Flórídaríki í gær en stutt er síðan fellibylurinn Irma gekk yfir ríkið og olli þó nokkru tjóni.

Kostaði stormurinn 55 lífið bæði í Bandaríkjunum og á Karíbahafi. Unnið er að því að laga það sem skemmdist í Flórída en enn eru rúmlega fjórar milljónir heimila án rafmagns í ríkinu sem og nærliggjandi ríkjum.

Forsetinn þakkaði björgunarfólki og þeim sem komu að því að undirbúa ríkið fyrir hamfarirnar. „Þegar þú hugsar um hversu rosalega öflugur þessi stormur var, og þótt fólk hafi því miður látið lífið, voru það sem betur fer ekki eins margir og óttast hafði verið,“ sagði forsetinn.

„Fólk taldi að þúsundir á þúsundir ofan myndu farast en í raun varð talan mun lægri, það sýnir hversu gott starf þið unnuð,“ bætti Trump við og hrósaði einnig viðbrögðum Ricks Scott ríkisstjóra. Hvatti Trump Scott til þess að bjóða sig fram til öldungadeildar þingsins.

Hvatning forsetans er athyglisverð í ljósi annarra tíðinda gærdagsins en hann sagðist afar nálægt því að komast að samkomulagi við Demókrata í öldungadeildinni um að vernda unga ólöglega innflytjendur. Þó með því skilyrði að „gífurlega aukið landamæraeftirlit“ yrði hluti af samkomulaginu.

„Vill einhver virkilega henda menntuðu og góðu fólki, sem er í vinnu og þjónar sumt hvert í hernum, úr landi? Í alvöru?!“ spurði forsetinn á Twitter í gær. Er það athyglisvert í ljósi þess að í kosningabaráttu hans sagði Trump að til stæði að flytja alla ólöglega innflytjendur úr landi.

Trump hefur undanfarið einnig rætt við Demókrata um hjálp við að koma skattabreytingum og fjárlögum í gegn.

Scott er Repúblikani en samflokksmenn hans hafa reiðst Trump mikið vegna samstarfsins við Demókrata. Forsetinn er einnig reiður Repúblikönum á þingi fyrir að hafa mistekist að innleiða stefnumál hans. – þea




Donald Trump var með Mike Pence varaforseta í Flórída í gær. NORDICPHOTOS/AFP




Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir tæknilegum yfirburðum. Skemmtilegur að keyra, öruggur, áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – athygli! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. **Komdu í heimsókn og prófaðu meira af okkar besta til þessa.**

www.honda.is

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

# Áhyggjuefni



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Ekki er áformað að ríkið hefji sölu á hlutum sínum í bönkunum á næsta ári samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi. Vonandi munu þær áætlanir ekki standa en hlutdeild ríkisins í eigin fé bankanna er um 440 milljarðar. Sú fjárhæð nemur um helmingi af heildarskuldum ríkissjóðs. Ekki er með nokkru móti hægt að færa fyrir því rök að það sé skynsamleg fjárfesting að vera með fjármuni sem nema um 20 prósentum af landsframleiðslu bundna sem eigið fé í áhættusömum bankarekstri. Þetta er hins vegar staðan.

Þegar kröfuhafar Kaupþings og Glitnis samþykktu stöðugleikaskilyrði 2015 var ákveðið að frumkvæði stjórnvalda að það yrði á ábyrgð kröfuhafanna að koma Arion banka og Íslandsbanka í verð – það breyttist í tilfelli Íslandsbanka þegar hann var afhentur ríkinu – en um leið að mikill meirihluti söluandvirðisins færi til ríkisins. Þetta var snjöll lausn. Með afkomuskiptasamningi og ákvæði um forkaupsrétt ríkisins ef til stæði að selja hlut á gengi undir 0,8 miðað við eigið fé í lokuðu útboði var jafnframt tryggt að Arion banki yrði seldur fyrir hæsta verð – hagsmunir Kaupþings og stjórnvalda eru því hinir sömu.

Markmiðið með þessu fyrirkomulagi var ekki hvað síst að flýta fyrir skráningu íslensks banka á markað sem yrði í dreifðri eigu erlendra og íslenskra fjárfesta. Með öðrum orðum lokahnykkurinn í endurreisn fjármálakerfisins sem í hartnær átta ár hefur að mestu verið í eigu annaðhvort ríkisins eða slitabúa gömlu bankanna. Útlit er fyrir að þetta skref verði tekið á allra næstu mánuðum. FME mun brátt heimila vogunarsjóðunum Taconic Capital og Attestor Capital að fara með virkan eignarhlut í Arion banka. Það á ekki að koma neinum á óvart enda hafa evrópsk fjármálayfirvöld komist að sömu niðurstöðu. Þá er unnið að endurskoðun á forkaupsrétti ríkisins þannig að forsendur séu fyrir sölu á bankanum í opnu útboði.

Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknar, sagði á Facebook af þessu tilefni að þetta væri „verulegt áhyggjuefni“. Þetta er furðuleg fullyrðing en Eygló var ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem samþykkti það upplegg sem Kaupþing vinnur nú eftir. Hagsmunir íslenska ríkisins eru miklir – ekki aðeins fjárhagslega – að vel takist til við sölu á Arion banka. Áform Kaupþings, sem á 58 prósenta hlut, um að fara í opið útboð og skráningu á Arion banka varðar veginn fyrir stjórnvöld við sölu á hinum bönkunum, ekki hvað síst til erlendra fjárfesta.

Áhyggjuefnið er þess vegna ekki að við séum að fá virka eigendur að einum af stóru bönkunum heldur fremur stjórnmálamenn sem hvorki sjá né skilja mikilvægi þess að ríkið minnki stórkostlega umsvif sín á fjármálamarkaði – sem allra fyrst. Með tilkomu nýrra fjártæknilausna og viðskiptamódela mun bankaþjónusta eins og við þekkjum hana í dag taka stakkaskiptum. Samkeppnisumhverfið á eftir að harðna og verðmæti banka kann að rýrna. Ríkið er ekki heppilegur eigandi banka til að takast á við þessar áskoranir. Það eina sem þar er hægt að slá föstu er að sú vegferð mun ekki enda vel fyrir skattgreiðendur.

**Heldur er það miklu fremur stjórnmálamenn sem hvorki sjá né skilja mikilvægi þess að ríkið minnki stórkostlega umsvif sín á fjármálamarkaði.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Lækið frá borgarstjóra**
**Harpa er í eigu Reykjavíkurborgar og ríkisins. Fréttablaðið sagði frá því fyrr í vikunni að upp væri komin sú staða að 35 milljónir sem tónleikahaldari nokkur fékk frá Hörpu, fyrir væntanlega tónleika hljómsveitarinnar Sigur Rósar, væru horfnar. Samkvæmt fréttinni þykir greiðslan óeðlileg enda hafði Sigur Rós ekki vitneskju um hana. Forsvarsmenn Hörpu hafa ekki neitað þeirri fullyrðingu að 35 milljónir hafi horfið. En þeir hafa heldur ekki svarað efnislega fyrirspurnum blaðsins. Hins vegar skrifaði forstjórinn færslu á Facebook þar sem hún sakar blaðamann um dylgjur og að vega að starfsheiðri sínum. Fyrrverandi samstarfsmaður forstjórans tjáði sig á svipaða leið og uppskar læk á Facebook frá sjálfum borgarstjóranum.**

**Kallar á svör**
**Málið horfir þannig við að fyrirtæki í eigu almennings hafi greitt út tugmilljónir á hæpnum forsendum. Hljótist tjón af mun það annaðhvort verða á ábyrgð hljómsveitarinnar eða okkar allra sem eigum Hörpu. Í slíkum tilfellum eiga blaðamenn að spyrja spurninga. Í þessu tilfelli eiga stjórnarmenn stofnunarinnar, borgarstjóri og menntamálaráðherra líka að spyrja og upplýsa okkur hin jafnharðan og svör fást. Það er nefnilega þannig að subbuskapur þrífst jafnan í skjóli leyndar.** jonhakon@frettabladid.is

# Fyrrverandi alþingismanni svarað



Tómas Guðbjartsson



Ólafur Már Björnsson
læknar og náttúruverndarsinnar

Kristinn H. Gunnarsson sendir okkur tóninn í Fréttablaðinu í gær. Eins og titill greinarinnar ber með sér: „Tómas á lágu plani“, kýs hann að hjóla í manninn og gera lítið úr þeim sem ekki deila gildismati hans. Sleggjudómar Kristins eru engin nýlunda, hann hefur áður sagt okkur með „uppblásið egó“ og farið niðrandi orðum um hæfni annars okkar sem læknis. Sú aðferð hentar þeim sem forðast málefnalega umræðu.

Markmið okkar er þó aðeins að tala máli náttúrunnar á Ströndum – náttúru sem við teljum að ekki hafi fengið að njóta vafans þegar Hvalárvirkjun var metin sem virkjanakostur. Í lengri útgáfu af þessari grein sem birtist á visir.is í dag stöndum við við það sem við skrifuðum í Fréttablaðinu þann 30. ágúst síðastliðinn, en útskýrum hvar við hefðum getað verið nákvæmari.

Við teljum Rammaáætlun að mörgu leyti gallaða aðferðafræði og finnst skorta mjög á upplýsingagjöf til almennings um Hvalárvirkjun og breyttar fyrirætlanir framkvæmdaaðila. Nafnið Hvalárvirkjun gefur ekki rétta mynd af umfangi virkjunarinnar, enda teljum við eins og heimamenn að mest eftirsjá sé að fossaröðinni í Eyvindarfjarðará, en hún mun þurrkast upp.

Ennfremur stöndum við við þá fullyrðingu að virkjunin hafi stækkað á teikniborðinu úr 35 í 55 MW, en vissum ekki að skýringin væri sú að meira vatn hefði fundist á svæðinu. Okkur leikur forvitni á að vita hvernig svo mikil mæliskekkja á vatnsmagni geti verið frá upprunalegum áætlunum um virkjunina og hvort fleiri mælingar sem liggi til grundvallar henni séu eins ónákvæmar?

Þar sem áætlanir gerðu ráð fyrir 35 MW virkjun, sem auka á í 55 MW, hlýtur að vera eðlilegt að spyrja hvort ekki megi þá hlífa Eyvindarfjarðará? Þannig yrði ósnortnum víðernum Eyvindarfjarðar hlíft og kostnaður við virkjunina yrði minni. Við föllumst ekki á þá röksemd að að aukningin á vatnsmagni verði á kostnað náttúru svæðisins.

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Loftið, skýið, hinn óbærilegi léttleiki

**Í DAG**



Bergur Ebbi

Stundum bera áhrifamikil fyrirbæri óþjál nöfn. Það á við um það sem við Íslendingar nefnum „erbíenbí“. „AirBnB“ er það skrifað og það hefur oft reynst tungubrjótur. Ég hef margsinnis heyrt Íslendinga kalla það „arbíenbí“ eða bara „ar-en-bí“ sem er réttur framburður á öðru áhrifamiklu fyrirbæri: tónlistarstefnunni RnB, sem á það reyndar sameiginlegt með AirBnB að hafa breytt veröldinni, þó að það sé önnur saga.

Það er reyndar varla skrítið þó nafnið AirBnB vefjist fyrir fólki. Að baki því liggur býsna þróuð hugmynd sem er ekki endilega augljós. Fyrirtækið hét fyrst AirBed&Breakfast en nafnið var síðar einfaldað, meðal annars til að falla betur inn sem lén. En „Loft-Rúm&Morgunverður“? Hvað er það? Bed&Breakfast er að sjálfsögðu vísun í algengt heiti á gististöðum sem veita heimilislegri og afslappaðri stemningu en hefðbundin viðskiptahótel. Á Íslandi eru slíkir staðir oftast nefndir gistiheimili og var þau einmitt stundum að finna í heimahúsum. En svo er það „loft“ hluti orðsins. Hver er hugmyndin með þessu „Air“ á undan hinni orðarununni?

**Kannast ekki sumir við flatneskjulegar samræður við leigusala, þú klórar-mér-ef-ég-klóra þér samkomulagið um háa stjörnugjöf og ónotin sem fylgja þessum fullkomna samruna viðskiptamenningar og jafningja-kúltúrs?**

Loftið vísar til einnar af meginhugmyndum internetmenningar sem er léttleikinn. Að hægt sé að panta sér herbergi, eða leigja út herbergi, með litlili fyrirhöfn. Tengingarnar og verðmætin eru falin í skýinu, sem er önnur og skyld hugmynd internetmenningar. Að upplýsingar eigi sér í raun enga heimastöð heldur séu þær ávallt aðgengilegar, svífandi í kringum okkur, eða yfir höfðum okkar eins og ský. Skýið er í raun hægt og rólega að verða jafn afgerandi hugmynd og hugmyndin um „net“, sem var okkar hefðbundna líking fyrir samtengingu tölvukerfa og upplýsinga allt frá árdögum þeirrar menningar og vel fram á síðustu ár.

Og vissulega fylgir skýinu ákveðinn léttleiki. Öll tónlist veraldar er fáanleg í gegnum snjallsíma og bráðum mun það sama eiga við um allar bækur og nánast allt sem skrásett hefur verið frá árdögum mannkyns. Leigubílaþjónusta, matur, rómantísk stefnumót, barnapössun og húsaskjól er einnig klæðskerasniðið að þörfum okkar í gegnum snjallsímana. Sítengingin léttir lífið vissulega. Engin þvinguð hæ og bæ. Bara snurðulaus, vel undirbúin viðskipti (allavega þegar allt gengur upp). Ekkert vesen. Mannleg samskipti lágmörkuð. Skýja-svif frá einni snilld til þeirrar næstu. Léttleiki skýs og lofts. Dásamlegur, yndislegur, óbærilegur léttleiki skýsins.

Óbærilegur léttleiki? Já. Því fyrirbæri eins og AirBnB með öllum sínum þægindum er vissulega líka þrúgandi. Í fyrirkomulagi léttleikans getur falist lúmskur yfirgangur, hæg og örugg útfösun persónuleikans. Kannast ekki sumir við að fara inn í AirBnB íbúð í útlöndum og sjá þar sömu IKEA plakötin, sömu stöðluðu húsgögnin og maður sér í sambærilegum íbúðum heima fyrir? Kannast ekki sumir við flatneskjulegar samræður við leigusala, þú klórar-mér-ef-ég-klóra þér samkomulagið um háa stjörnugjöf og ónotin sem fylgja þessum fullkomna samruna viðskiptamenningar og jafningja-kúltúrs? Þá eru gamaldags viðskiptahótel kannski heiðarlegri í flatneskju sinni. Ég vil ekki vera með neikvæðnisraus – ég tel AirBnB hafa flest fram yfir venjuleg hótel – en neikvæðu hliðarnar eru líka til staðar og sumar þeirra eru lúmskar.

Það er nefnilega þannig með skýið, loftið eða hvað sem á að kalla þennan anga menningar okkar, að ef eitthvað einkennir hann fremur en annað þá er það lymskan. Þegar þægindin eru slík að við afsölum okkur hægt og rólega mikilvægum gildum eins og einkalífi og sérkennum, því loft er jú alls staðar jafn létt. Og lymskan er slík að við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því.

Í San Francisco er markaðsfræðingunum mikið í mun að kalla þessa tækni nöfnum eins og „ský“ eða „loft“ en í raun færi ekki fram mikil eðlisbreyting ef myndmálinu væri hnikað örlítið og sömu fyrirbæri nefnd „gas“, „mistur“ eða „þoka“, því það er líka nokkuð nærri lagi. Við erum öll soldið týnd í mistrinu þessa stundina. Við erum svo tengd, með nefið í hvers manns koppi, svo nálæg hvert öðru og þéttleikinn svo mikill, að í stóra samhenginu erum við kannski jafn týnd og við erum upplýst. Það er nefnilega ekki endilega mikill léttleiki ef það er þéttleiki.

Ég hefði aldrei trúað því. Allt þetta loft. Allur þessi léttleiki. Öll þessi þægindi. Allir þessir fögru skýjabólstrar. En samt er ég farinn að heyra hósta.



FERÐAÞJÓNUSTURÁÐSTEFNA LANDSBANKANS

# Vöxtur í leit að jafnvægi

Frá ársbyrjun 2011 hafa um sjö milljónir ferðamanna heimsótt Ísland og uppsafnaðar gjaldeyristekjur ferðaþjónustunnar nema ríflega 2.000 milljörðum króna. Efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustunnar er óumdeilt.

En hvert stefnir greinin og hvað er framundan? Þessar spurningar, ásamt nýrri greiningu Hagfræðideildar Landsbankans, eru viðfangsefni ferðaþjónusturáðstefnu Landsbankans sem haldin verður í **Hörpu 26. september kl. 8.30-11.00**.

SKRÁNING Á LANDSBANKINN.IS/FERDATHJONUSTA



## DAGSKRÁ



### Vatnaskil eða vaxtarverkir?

**Dr. Daníel Svavarsson**
Forstöðumaður
Hagfræðideildar Landsbankans



### Ferðaþjónustan er komin til að vera

**Gústaf Steingrímsson**
Hagfræðingur hjá
Landsbankanum



### Þróun og tækifæri ferðaþjónustunnar á Asíumarkaði

**Ársæll Harðarson**
Forstöðumaður hjá Icelandair
og formaður Íslensk-kínverska
viðskiptaráðsins



### Framtíð ferðaþjónustu á Íslandi: Að finna vextinum farveg

**Anita Mendiratta**
Sérfræðingur í ferðaþjónustu
og ráðgjafi aðalritara
Ferðamálastofnunar SÞ

Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, viðskiptastjóri hjá Landsbankanum, sér um fundarstjórn.

## PALLBORÐSUMRÆÐUR



**Björgólfur Jóhannsson**
Forstjóri Icelandair Group



**Elín Árnadóttir**
Aðstoðarforstjóri Isavia



**Skúli Mogensen**
Stofnandi og forstjóri WOW air

Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur í Hagfræðideild Landsbankans, stýrir umræðum.

**#ferðaþjónusta**



FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Slóvenska undrabarnið fór á kostum í stórsigri á Spánverjum



**Slóvenar í úrslitaleikinn í fyrsta sinn** Slóvenar burstuðu ríkjandi Evrópumeistara Spánverja í gærkvöldi í undanúrslitum EM í körfu og eru komnir í úrslitaleik Evrópukeppninnar í fyrsta sinn. Hér fagnar hinn átján ára gamli Luca Doncic sigri með stuðningsmönnum Slóvena í leikslok en hann er lykilmaður liðsins og í raun algjört undrabarn í körfubolta. Doncic vantaði bara tvær stoðsendingar í þrennuna í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Dreymir um Meistaradeildina

**Sara Björk Gunnarsdóttir á bara eftir að vinna Meistaradeild Evrópu á glæstum félagsliðaferli. Hana dreymir um að komast í úrslitaleikinn og vonast til að þetta verði tímabilið sem sá draumur verði að veruleika.**

**FÓTBOLTI** Ísland mætir Færeyjum á mánudagskvöld í fyrsta leik sínum í undankeppni HM 2019 en þetta er um leið nýtt tækifæri fyrir stelpurnar okkar til að byrja nýja keppni með hreint blað eftir vonbrigði sumarsins á EM í Hollandi.

Ísland tapaði öllum leikjum sínum á Evrópumótinu og sat eftir með sárt ennið eftir riðlakeppnina. Liðið var nokkuð gagnrýnt eftir keppnina en naut þó frábærs stuðnings þúsunda Íslendinga sem lögðu leið sína til Hollands.

„Það er gaman að vera komin aftur í landsliðið eftir EM. Ég náði að hrista það af mér og er tilbúin í nýja keppni,“ sagði Sara Björk í samtali við íþróttadeild.

### Sama markmið og alltaf

Ísland á þungan róður fyrir höndum ætli liðið sér að komast á HM 2019 í fyrsta sinn. Það er engu að síður markmiðið hjá Söru Björk og félögum hennar í landsliðinu.

„Markmiðið er eins fyrir þessa keppni og allar aðrar. Maður vill ná góðum úrslitum og komast áfram. Okkar markmið er að fara á HM. Það er draumur okkar allra að komast þangað í fyrsta sinn. En til þess þurfum við að spila vel og við erum í hörkuriðli,“ segir hún.

Ísland er í riðli með Þýskalandi, einu sterkasta landsliði heims. Aðeins sigurvegari riðilsins kemst á HM en þau fjögur lið sem ná bestum árangri í öðru sæti riðlanna fara í umspil um eitt laust sæti til viðbótar.

Sara Björk segir að þetta sé sterkari riðill en Ísland var í fyrir EM í Hollandi. „Þýskaland er auðvitað gríðarlega sterkt. Slóvenía og Tékkland eru svo alltaf að bæta sig, þá er Færeyjar líka í riðlinum sem við vitum lítið um.“

### Tilbúin í hörkutímabil

Sara Björk er á sínu öðru tímabili með Wolfsburg í Þýskalandi. Liðið varð í fyrra tvöfaldur meistari heima fyrir og var Sara Björk í lykilhlutverki. Liðið hefur farið af stað með miklum krafti á nýju tímabili og unnið báða leiki sína til þessa með markatölunni 10-0 samanlagt.

„Vonandi getum við haldið þessu áfram en það eru margir erfiðir leikir fram undan. Þetta verður hörkutímabil. Liðin sem ætla sér í toppbaráttuna hafa styrkt sig mikið. Þetta verður spennandi tímabil og ég er tilbúin að takast á við það,“ segir hún.

Sara segir að markmiðin hjá Wolfsburg séu einföld – að vinna alla þá titla sem í boði eru. Það ætli liðið sér lengra í Meistaradeildinni en á síðasta tímabili féll Wolfsburg úr leik í fjórðungsúrslitum eftir tap fyrir verðandi meisturum Lyon.

„Miðað við það lið sem við erum með er raunhæft að komast í úrslitaleik Meistaradeildarinnar. Það er bara þannig,“ segir hún sposk á svip. „Draumur minn er að komast í úrslitaleikinn og vinna hann. Vonandi get ég gert það með Wolfsburg í ár.“

Landsleikur Íslands og Færeyja fer fram á Laugardalsvelli á mánudag klukkan 18.15. Hann verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

eirikur@frettabladid.is




**Sara Björk kann vel við sig á Laugardalsvelli þar sem Ísland mætir Færeyjum í fyrsta leik sínum í undankeppni HM 2019 á mánudagskvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Okkar markmið er að fara á HM. Það er draumur okkar allra að komast þangað í fyrsta sinn. En til þess þurfum við að spila vel og við erum í hörkuriðli.**
>
> Sara Björk Gunnarsdóttir

**Pepsi-deild karla**

**KA - Valur 1-1**
1-0 Elfar Árni Aðalsteinsson (47.), 1-1 Guðjón Pétur Lýðsson (63.)

**Breiðablik - KR 1-3**
0-1 Skúli Jón Friðgeirsson (6.), 0-2 André Bjerregaard (14.), 1-2 Martin Lund Pedersen (47.), 1-3 Aron Bjarki Jósepsson (64.)

**ÍBV - Grindavík 2-1**
1-0 Shahab Zahedi Tabar (1.), 2-0 Zahedi Tabar (33.), 2-1 Andri Rúnar Bjarnason (76.)

**Víkingur R. - FH 2-4**
1-0 Geoffrey Castillion (3.), 2-0 Castillion (25.), 2-1 Davíð Þór Viðarsson (37.), 2-2 Jón Ragnar Jónsson (38.), 2-3 Þórarinn Ingi Valdimarsson (39.), 2-4 Steven Lennon (45.)

**Fjölnir - ÍA 2-2**
1-0 Ólafur Valur Valdimarsson, sjálfsmark (48.), 1-1 Stefán Teitur Þórðarson (53.), 1-2 Steinar Þorsteinsson (60.), 2-2 Þórir Guðjónsson (75.)

**Stjarnan - Víkingur Ó. 3-0**
1-0 Hilmar Árni Halldórsson (33.), 2-0 Hólmbert Aron Friðjónsson (75.), 3-0 Ólafur Karl Finsen (77.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Valur | 41 | Breiðablik | 24 |
| Stjarnan | 34 | Víkingur R. | 23 |
| FH | 31 | ÍBV | 22 |
| KR | 29 | Fjölnir | 21 |
| KA | 25 | Víkingur Ó. | 20 |
| Grindavík | 25 | ÍA | 14 |

**Olís-deild karla**

**Afturelding - ÍBV 23-27**
**Markahæstir:** Einar Ingi hrafnsson 5/2, Birkir Benediktsson 5 - Sigurbergur Sveinsson 8, Elliði Snær Vignisson 5

**Fram - FH 26-43**
**Markahæstir:** Arnar Birkir Hálfdánsson 5, Davíð Stefán Reynisson 5, Lúðvík Thorberg Arnkelsson 4 - Ásbjörn Friðriksson 11/5, Ísak Rafnsson 10, Einar Rafn Eiðsson 6, Óðinn Þór Ríkharðsson 6.

**Grótta - Valur 21-24**
**Markahæstir:** Maximilian Jonsson 7/2, Júlíus Þórir Stefánsson 4, Hannes Grimm 3, Bjarni Ófeigur Valdimarsson 3 - Magnús Óli Magnússon9/2, Ólafur Ægir Ólafsson 4, Anton Rúnarsson 4/1, Orri Freyr Gíslason 3.

**Eurobasket, undanúrslit**

**Spánn - Slóvenía 72-92**
**Stigahæstir:** Pau Gasol 16, Ricky Rubio 13, Marc Gasol 12 - Goran Dragić 15 (6 fráköst, 5 stoðs.), Anthony Randolph 15, Klemen Prepelic 13, Gasper Vidmar 12, Luka Doncic 11 stig (12 fráköst, 8 stoðsendingar).

**Evrópudeild UEFA**

**Atalanta - Everton 3-0**
1-0 A. Masiello (27.), 2-0 A. Gomez (41.), 3-0 B. Cristante (44). Gylfi Þór Sigurðsson spilaði allan leikinn fyrir Everton

**Slavia Prag - Maccabi 1-0**
1-0 T. Necid (12.). Viðar Örn Kjartansson spilaði allan leikinn fyrir Maccabi

**Rijeka - AEK 1-2**
0-1 P. Mantalos (16.), 1-1 J. Elez (29.), 1-2 L. Christodoulopoulos (62.). Arnór Ingvi Traustason var ónotaður varamaður AEK

**Arsenal - Köln 3-1**
0-1 Jhon Córdoba (9.), 1-1 Sead Kolasinac (49.), 2-1 Alexis Sánchez (67.), 3-1 Héctor Bellerín (82.).

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 09.00 | **Evian risamótið** | Golfstöðin |
| 18.50 | **B'mouth - Brighton** | Sport 2 |
| 19.00 | **BMW mótið** | Golfstöðin |
| 20.00 | **Seinni bylgjan** | Sport |
| 21.30 | **Teigurinn** | Sport |
| 22.20 | **1 á 1** | Sport |

SsangYong

# 4x4

## REXTON – ALVÖRU JEPPI!




**VERÐ FRÁ: 4.990.000 KR.**

## GERÐU SAMANBURÐ Á VERÐI OG BÚNAÐI

40 BEIN LEIÐ Í 40 ÁR

1975 | Bílabúð Benna | 2015

*Verið velkomin í reynsluakstur!* | **benni.is.**

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Opið:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardag frá 12:00 til 16:00

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## Merkisatburðir

**1604** Svíar bíða ósigur fyrir Pólsk-litháíska samveldinu í orrustunni við Weissenstein.

**1647** Brynjólfur Sveinsson biskup fær Flateyjarbók að gjöf.

**1929** Kvæðamannafélagið Iðunn er stofnað.

**1947** Átta ára stúlka, Þórunn S. Jóhannsdóttir, heldur sína fyrstu píanótónleika í Reykjavík og er sögð undrabarn. Síðar varð hún eiginkona Vladimirs Ashkenasy, píanóleikara og hljómsveitarstjóra.

**1962** BSRB gerir sinn fyrsta kjarasamning við ríkið.

**1967** Sjónvarpsútsendingar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli eru takmarkaðar við flugvallarsvæðið og næsta nágrenni.

**1967** Þjóðgarður er stofnaður í Skaftafelli.

**1972** Ásgeir Ásgeirsson, fyrrverandi alþingismaður, ráðherra, bankastjóri og forseti Íslands frá 1952 til 1968, deyr, 78 ára að aldri.

**1981** Út af Rit veiðist risalúða, sem reynist vera 268 sentimetra löng og vegur yfir fjórðung úr tonni.

**1985** Sif Sigfúsdóttir er kjörin fegurðardrottning Norðurlanda, en hún er þá 17 ára gömul.

**1994** Helgi Áss Grétarsson verður heimsmeistari í skák í flokki 20 ára og yngri og verður jafnframt stórmeistari í skák.

**2000** Sumarólympíuleikar settir í Sydney í Ástralíu.

**2008** Lehman Brothers, eitt stærsta fjármálafyrirtæki í heimi, verður gjaldþrota sem leiðir meðal annars til falls Glitnis.

## Skátafélagið Heiðarbúar fagnar áttatíu ára afmæli

**Í dag eru áttatíu ár frá því að Skátafélagið Heiðarbúar var stofnað. Ekkert sérstakt verður á dagskrá í tilefni dagsins en árið mun enda á sérstakri afmælisgöngu um Reykjanesbæ. Á síðustu þremur árum hefur áhuginn á skátastarfi aukist, segir félagsforingi Heiðarbúa.**

Skátafélagið Heiðarbúar er áttrætt í dag. Ekki er á dagskránni að halda sérstaklega upp á það í dag, en margt hefur verið gert yfir árið í tilefni afmælisins, ýmsir viðburðir verið haldnir og annað slíkt. Afmælisárinu mun hins vegar ljúka með sérlegri afmælisgöngu um Reykjanesbæ þar sem sagan verður skoðuð.

Skátafélagið Heiðarbúar var stofnað þann 15. september árið 1937. Það var Helgi S. Jónsson sem fór fyrir þeirri stofnun. Meðal þeirra sem voru með í því var Gunnar heitinn Eyjólfsson leikari, sem síðar varð skátahöfðingi Íslands.

Heiðarbúar urðu fyrsta skátafélag í heiminum til þess að samþykkja konur í félagið. Það var árið 1943 sem Liljan, sveit stúlkna, var stofnuð. Í dag er starfið blandað hjá skátafélaginu en svo er ekki alls staðar.

Heiðarbúar eru um þessar mundir að eyða miklu púðri í að ná til pólskra barna á Reykjanesinu og er það verðugt verkefni, enda mjög eflandi fyrir börn að vera í skátahreyfingunni, segir Aníta Engley Guðbergsdóttir, en hún er félagsforingi Heiðarbúa og kom inn í skátahreyfinguna í gegnum börnin sín. Henni leist þó ekki á blikuna þegar hugmyndin var fyrst borin upp við hana. Hún varð hins vegar strax ástfangin af starfinu og hefur hellt sér út í það.

Undanfarin þrjú ár hafa verið dálítil endurreisnarár hjá skátunum í Heiðarbúum og Aníta segist finna fyrir vaxandi áhuga fyrir starfinu. „Skátahreyfingin er fyrir börn frá 8-18 ára en það breytir því ekki að fullorðið fólk getur gengið til liðs við hreyfinguna, óháð aldri. Það er alltaf pláss fyrir fullorðið fólk sem er til í að hjálpa til.“

Aníta segir skátana vera uppeldissamtök, þar sem markmiðið er að reyna að skapa aðstæður fyrir börn til að vera virk í samfélaginu og leiðtogar í eigin lífi. Aníta segist sjá fjölskyldumynstur í skátahreyfingunni í Reykjanesbæ. Fjölmargir félagar í henni eigi sér skátafyrirmyndir í foreldrum sínum og jafnvel lengra aftur. stefanthor@frettabladid.is


**Frá starfi Heiðarbúa en skátastarfið er fyrst og fremst uppeldisstarf.**


**Aníta Engley Guðbergsdóttir.**

> **Fullorðið fólk getur gengið til liðs við hreyfinguna, óháð aldri. Það er alltaf pláss fyrir fullorðið fólk sem er til í að hjálpa til.**
>
> Aníta Engley Guðbergsdóttir

---



Ástkæri eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ríkarð Magnússon**
skipstjóri,
Sandholti 38, Ólafsvík,

sem lést þann 13. september, verður jarðsunginn frá Ólafsvíkurkirkju 23. september kl. 14.00.

**Bjarný Sólveig Sigtryggsdóttir**
**Bjarney Birgitta Ríkarðsdóttir** — **Axel Aðalsteinsson**
**Guðbjörg Jenný Ríkarðsdóttir** — **Hafsteinn Garðarsson**
**Bylgja Sjöfn Ríkarðsdóttir**
**Magnús Ríkarðsson** — **Anna Hulda Long**
**Ríkarð Ríkarðsson** — **Vaida Steikuniene**
**Díana Harpa Ríkarðsdóttir** — **Vigfús Magnússon**

---



Okkar ástkæri

**Hallgrímur Jóhannesson**
frá Ísafirði,
Lyngholti 19, Keflavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 4. september.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 19. september, kl. 13.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

**Sigurbjörg Fr. Gísladóttir**
**Guðríður Hallgrímsdóttir** — **Skúli Skúlason**
**Gréta Björg, Eva Björg, Guðjón Trausti**
**Halldór Búri Hallgrímsson** — **Brynja Kjartansdóttir**
**Halldóra Ninja, Kjartan Nóel**
**Hjaltlína Agnarsdóttir**

---



Bróðir okkar, mágur og frændi,

**Árni Þór Guðmundsson**

varð bráðkvaddur laugardaginn 9. september. Útför hans fer fram frá Þorlákskirkju Þorlákshöfn, laugardaginn 16. september klukkan 11.

**Guðmundur S. Guðmundsson** — **Guðný K. Vilhjálmsdóttir**
**Garðar Guðmundsson** — **Valgerður Engilbertsdóttir**
**Sveinveig Guðmundsdóttir** — **Ásgeir Sigurðsson**
**Þórdís Guðmundsdóttir** — **Björn Benediktsson**
**Svanhildur Guðmundsdóttir** — **Eyjólfur Jónsson**
**Heimir Guðmundsson** — **Laufey Ásgeirsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Faðir minn og afi,

**Jón Halldórsson**
frá Valþjófsstöðum,

sem lést þann 8. september síðastliðinn á Dvalarheimilinu Hvammi, Húsavík, verður jarðsunginn frá Snartarstaðakirkju laugardaginn 16. september kl. 14.00.

**Bragi Jónsson**
**Soffía Margrét Bragadóttir**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug í tilefni af andláti móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Bryndísar Bjarnason**

**Pétur, Elísabet, Bryndís, Hildur og Hörður Bjarnason og aðrir aðstandendur.**

---



Bestu þakkir fyrir hlýhug og góðar kveðjur við andlát og útför

**Guðrúnar Sigríðar Eiríksdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Kristnesspítala, Heimahlynningar á Akureyri og hennar góðu vina og nágranna.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Eyrún Eyþórsdóttir** — **Jónas Finnbogason**
**Auður Eyþórsdóttir**
**Kristín Kristjánsdóttir**
**Erna Jónasdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðríður Elíasdóttir**
Suðurgötu 17,
Sandgerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, laugardaginn 9. september.
Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði, föstudaginn 22. september kl. 13.

**Ellý Björnsdóttir** — **Magnús Þorgeirsson**
**Halldóra Svava Sigvarðardóttir** — **Viðar Ólafsson**
**Vigdís Sigvarðardóttir** — **Sigurður Tryggvason**
**Jens Snævar Sigvarðarson**
**Elías Sigvarðarson** — **Kristjana Magnúsdóttir**
**Guðmundur Sigvarðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 15. SEPTEMBER 2017



Bíó Paradís fagnar sjö ára afmæli. Rússneskir kvikmyndadagar hafa heldur betur fest sig í sessi í menningardagatalinu á Íslandi að sögn Ásu Baldursdóttur, dagskrárstjóra bíósins.

lifsstíll →4



Guðrún Árný ásamt dóttur sinni, Hönnu Lóu, en söngkonan saumaði fötin á hana, kápuna og buxur. MYND/ERNIR

# Blómstrandi hamingja

Guðrún Árný Karlsdóttir er fjölhæf tónlistarkona. Hún fléttar saman störf sín sem tónmenntakennari og söngkona á skemmtilegan hátt. →2






LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Guðrún Árný blómstrar sem aldrei fyrr. Hún hefur sungið frá því hún var lítil stúlka, meðal annars með barnakór Öldutúnsskóla í Hafnarfirði. Guðrún Árný segist vera aðfluttur andskoti í Hafnarfirði en hún flutti í bæinn þegar hún var tólf ára. „Áður átti ég heima á nokkrum stöðum, bæði í Reykjavík og úti á landi, en móðir mín og maður hennar eru kennarar. Þau höfðu ánægju af því að skipta um umhverfi og bjuggu gjarnan í kennarabústöðum,“ segir hún.

Guðrún Árný, sem er fædd árið 1982, bar sigur úr býtum bæði í söngkeppni Samfés sem unglingur og Söngkeppni framhaldsskólanna. Hún hefur fimm sinnum tekið þátt í undankeppni Eurovision-keppninnar og fór sem bakrödd með Gretu Salóme og Jónsa til Bakú árið 2012.

## Fjör í skólastofunni

„Ég fór í tónlistarnám vegna þess hversu skemmtilegt mér þótti að spila á píanó og syngja. Síðan ákvað ég að taka kennsluréttindi fyrir grunn- og framhaldsskóla því að mér finnst gaman að vera innan um börn. Ég hef verið að kenna yngstu börnunum í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði. Ég segi oft við börnin mín að maður eigi að læra það sem manni finnst skemmtilegt því þá verður vinnan svo auðveld. Krökkum finnst æðislegt að læra tónmennt, við notum hljóðfæri og það er oft mikið fjör í tímum. Velgengni Íslendinga í tónlistarheiminum hefur heilmikil áhrif á yngstu börnin. Við syngjum gjarnan vinsælustu lögin í þjóðfélaginu. Frikki Dór er í uppáhaldi hjá nemendum mínum, enda frábær strákur og hæfileikaríkur.“

## Happy Hour

Guðrún Árný á þrjú börn, það yngsta dóttur á öðru ári, og syni 9 og 12 ára. Hún er sannkölluð ofurkona því dagarnir eru oft þéttskipaðir. „Móðir mín hefur stundum áhyggjur af því að ég brenni yfir en það hefur sjaldan verið jafn mikið að gera hjá mér í tónlistinni,“ segir

> Það er alltaf að aukast að fólk kíki inn á hamingjustund á barnum. Ég á marga fastagesti og svo er alltaf fjöldi útlendinga sem vill hlusta á íslenska tónlist.

hún og hlær. Á fimmtu- og föstudögum spilar hún á píanó og syngur á Grand hóteli á svokallaðri Happy Hour. „Ég er svo þakklát fyrir þessa vinnu vegna þess að ég hef frjálst val með hvað ég syng og spila. Það er alltaf að aukast að fólk kíki inn á hamingjustund á barnum. Ég á orðið marga fastagesti og svo er alltaf fjöldi útlendinga sem vill hlusta á íslenska tónlist. Þetta er allt á rólegu nótunum og fólk getur vel spjallað saman yfir notalegri stemmingu. Það má því segja að ég fari beint úr skólastofunni á barinn,“ gantast hún með en Guðrún Árný á von á samkennurum til sín á barinn í dag.

Þótt enn sé september er Guðrún Árný farin að hlakka til jólatónleika sem verða 8. og 9. desember. Þar mun hún koma fram í Las Vegas Christmas Show í Gamla bíói sem Geir Ólafs setur upp ásamt bandarísku stórsveitinni Don Randi. Hljómsveitin hefur leikið undir með heimsfrægum söngvurum eins og Elvis Presley, Frank Sinatra, Beach Boys, Abba og mörgum fleirum. Þegar er uppselt á fyrri tónleikana.

## Gott djamm

Guðrún Árný er eftirsótt í brúðkaup, skírnir og jarðarfarir auk alls kyns einkasamkvæma. „Það er brúðkaupsvertíð hjá mér á sumrin og ég býð gjarnan væntanlegum brúðhjónum heim til mín fyrir athöfnina og við veljum saman lögin. Ég er með langan lagalista og oft kemur upp óvenjulegt en skemmtilegt lag. Það eru alls ekki allir að velja sömu lögin. Svo má ég ekki gleyma að minnast á Græna herbergið en þar er ég með singalong um helgar. Það er algjörlega frábært. Íslendingar kunna svo marga texta og eru ótrúlega duglegir að syngja með mér. Þessi dagskrá er á milli 22-01 og það er alltaf stuð. Þvílíkt partí,“ segir hún. „Þetta getur



Guðrún Árný þjáist af liðagigt en getur haldið sjúkdómnum niðri með lyfjum. MYND/ERNIR

varla talist vinna því þetta er bara eins og gott djamm,“ bætir hún við.

## Fjölskyldukonan

„Jú, ég á stundum frí og þá finnst mér gott að vera heima með fjölskyldunni,“ svarar Guðrún Árný spurð um frítíma. „Það er smá púsluspil að raða allri þessari mismunandi vinnu inn í daglega rútínu okkar. Börnin mín eiga frábæran pabba sem nýtur sín vel með þeim þegar ég er í vinnunni. Ég á líka yndislega foreldra sem eru dugleg að bjarga mér með pössun. Við erum sex systkinin og pössum gjarnan hvert fyrir annað. Þannig að ég er líka oft með aukabörn hjá mér. Mínar gæðastundir eru að gera ekki neitt annað en að vera með börnunum og við nýtum þann tíma vel. Bökum köku eða förum út á róló. Svo þarf ekkert endilega alltaf að vera dagskrá heldur bara njóta samverunnar. Ég hef engar stórkostlegar áhyggjur af því hvort það sé drasl eða óhreinn þvottur. Tími fyrir líkamsrækt er kannski ekki mikill en ég reyni samt að komast af og til. Í frístundum finnst mér líka gaman að sauma og prjóna. Sauma gjarnan föt á litlu dótturina. Ég reyni að svara símtölum og tölvupóstum þegar krakkarnir eru sofnaðir og fer venjulega frekar seint að sofa,“ segir hún. „Eitt áhugamálið mitt er að klippa hár og öll fjölskyldan nýtur góðs af því. Töfraráðið mitt er engu að síður að viðurkenna að stundum kemst ég ekki yfir allt sem þarf að gera. En það er gaman að hafa margt á prjónunum.“

Guðrún Árný lifir og hrærist í tónlist. „Líf mitt er tónlist,“ segir hún. „Þótt ég hafi mikið að gera er ég furðu dugleg að hóa í vini eða fjölskyldu. Maðurinn minn, Sveinbjörn Enoksson, er mikil félagsvera og verður friðlaus ef við hittum ekki fólkið okkar reglulega. Við bjóðum gjarnan í mat, jafnvel þótt mér finnist eldamennska erfið. Ég legg samt alltaf áherslu á að fjölskyldan setjist saman á kvöldverðartíma. Best finnst mér að hafa mat sem tekur stuttan tíma að elda, eins og mexíkóska rétti eða hakk og spagettí,“ segir þessi önnum kafna söngkona.

## Slæm liðagigt

Guðrún Árný þjáist af mjög slæmri liðagigt, líkt og Jóhanna Guðrún söngkona, en þær hafa hist og rætt þessa sameiginlegu reynslu. Hún reynir að lifa með sjúkdómnum og lætur hann hafa sem minnst áhrif á líf sitt. Það getur þó verið erfitt. „Í fyrra fékk ég mjög slæmt kast sem stóð yfir í tvo mánuði. Ég hafði verið lyfjalaus meðan á brjóstagjöf stóð sem hafði þessi áhrif. Á þeim tíma var virkilega erfitt fyrir mig að koma fram og syngja. Ég gat varla gengið upp tröppur. Ég fékk síðan góð lyf og þarf að passa mig að missa mig ekki í miklu salti og sykri. Ég prófaði að vera glútenlaus í þrjú ár en uppgötvaði eftir þann tíma að sykur fór verr í mig en hveiti. Það getur verið erfitt að spila á píanó þegar ég er mjög slæm því puttarnir bólgna. Heitir tímar í ræktinni hafa hjálpað mér heilmikið. Ég hef ekki rætt um þennan sjúkdóm minn og lét fáa vita hvernig mér leið í fyrra,“ viðurkennir Guðrún Árný.

Þegar hún var sem verst í fyrra söng hún við skírn. Sjálf var hún óánægð með flutninginn en gestir tóku ekki eftir veikindum hennar. „Geir Ólafsson var gestur í skírninni. Hann kom til mín og hrósaði mér fyrir sönginn. „Túlkunin var guðdómleg,“ sagði hann. Ég sagði honum frá veikindum mínum vegna þess hversu vinsamlegur hann var. Orð hans voru einstaklega uppörvandi fyrir mig á þessum tíma. Hann hringdi óvænt til mín tíu dögum síðar og spurði um líðan mína. Einnig bauð hann mér að vera með á tónleikum sem ég gat ekki þegið þá. Hann hringdi aftur eftir áramótin og bauð mér að vera með á tónleikum í desember. Enn á ný fékk ég hvatningu og uppörvun frá Geir. Hann er ákaflega hjartahlýr og ljúfur maður,“ segir Guðrún Árný sem hefur náð sér vel á strik eftir þessi veikindi og lífið blómstrar eins og hún segir sjálf.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.ls, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.ls, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.ls, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.ls, s. 512 5433


NÝ SENDING AF YFIRHÖFNUM
Stærðir 14-28 eða 42-56
SJÁÐU ÚRVALIÐ Á WWW.CURVY.IS EÐA KOMDU VIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 11-18 OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 11-16
13.990 kr Stærðir 42-54
21.990 kr Stærðir 42-56
12.990 kr Stærðir 42-56
27.990 kr Stærðir 42-54
9.990 kr Stærðir 46-56
17.990 kr Stærðir 42-56
19.990 kr Stærðir 42-56
9.990 kr Stærðir 42-56
VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS
Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!
Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# Ballettdansari og illir andar

Fjölbreyttar verðlaunamyndir verða í boði á Rússneskum kvikmyndadögum sem nú standa yfir í Bíó Paradís og lýkur á sunnudag. Rússnesk kvikmyndagerð hefur verið í mikilli sókn undanfarin ár.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Rússneskir kvikmyndadagar hófust í gær í Bíó Paradís í Reykjavík en þetta er í fimmta sinn sem þeir eru haldnir. Bíó Paradís fagnar sjö ára afmæli sínu núna í haust svo að Rússneskir kvikmyndadagar hafa heldur betur fest sig í sessi í menningardagatalinu á Íslandi að sögn Ásu Baldursdóttur, dagskrárstjóra bíósins. Fjórar myndir verða sýndar á jafnmörgum dögum og er ókeypis inn á þær allar. „Við munum sýna það besta úr rússneskri kvikmyndagerð, fjölbreyttar verðlaunamyndir sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Myndirnar verða sýndar á rússnesku en með enskum texta.“

Myndirnar fjórar sem sýndar eru nú voru valdar af samstarfsaðilum Bíós Paradísar að sögn Ásu. „Opnunarmyndin sem sýnd var í gær er stórmyndin The Icebraker (Ledokol). Hún er byggð á sönnum atburðum sem áttu sér stað á suðurheimskautinu árið 1985 þar sem áhöfn skips komst í lífsháska þegar skipið festist þar í 133 daga. Við slíkar aðstæður skipta allar ákvarðanir sköpum.“




„Við munum sýna það besta úr rússneskri kvikmyndagerð, fjölbreyttar verðlaunamyndir sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara,“ segir Ása Baldursdóttir, dagskrárstjóri Bíós Paradísar. MYND/ANTON BRINK

## Fjölbreyttar kvikmyndir

Í dag verður ljóðræna og fallega myndin After You're Gone (Posle Tebya) sýnd en þar fylgjast bíógestir með ballettdansara sem skrifar sitt síðasta ballettverk. „Þar svarar hann heimspekilegum spurningum, enda stendur hann frammi fyrir því að missa allan mátt í fótunum vegna meiðsla. Moskva og Sankti-Pétursborg eru sögusviðið en ekki síður svið ballettdansarans.“

Á morgun, laugardag, verður gamanmyndin The Monk and the Demon (Monakh i bes) sýnd en hún fjallar um munk sem berst við illa anda sem reyna að ná honum út úr klaustrinu sem hann er nýgenginn í. „Það er sjaldan sem fólk fær að sjá gamanmyndir frá öðrum löndum enda ferðast húmor ekki auðveldlega. Í því sambandi má nefna að gamanmyndir eru t.d. ekki áberandi á kvikmyndahátíðum.“

Lokamyndin er fantasíuævintýrarómans um Miroslövu prinsessu sem rænt er af dreka. „Myndin inniheldur stórkostlega búninga og ævintýraheim sem Rússum er einum er lagið að skapa. Hún byggir á ævintýrum ýmissa þjóða í Rússlandi: frá Úralsvæðinu, frá Hvítahafsströndum og frá Udehe-þjóðinni austast í Rússlandi en auk þess blandast inn georgísk, armensk og kóresk ævintýri.“

## Ferðast út á land

Ása segir rússneska kvikmyndagerð hafi risið mikið á undanförnum árum og að kvikmyndir þaðan séu nú fastagestir á alþjóðlegum kvikmyndahátíðar í Evrópu. „Költmyndahópurinn Svartir sunnudagar mun m.a. heiðra Andrei Tarkovsky í vetur á svokölluðum meistaravetri. Einnig höfum við hjá Bíó Paradís á síðustu árum líka tekið í almennar sýningar ýmsar rússneskar kvikmyndir.“

Rússneskir kvikmyndadagar munu síðan ferðast út um allt land þar sem viðkomustaðir verða Vestmannaeyjar, Stykkishólmur, Ísafjörður og Sauðárkrókur. „Þá verður einnig frítt inn og allir eru velkomnir. Það er æðislegt að geta boðið upp á dagskrána úti á landi en þar munum við líka sýna fleiri myndir og bjóðum m.a. upp á barnadagskrá fyrir yngstu kvikmyndagestina.“

Rússneskir kvikmyndadagar eru haldnir í samstarfi við sendiráð rússneska sambandsríkisins á Íslandi, menningarmálaráðuneyti Rússlands, GAMMA Capital Management Ltd og Northern Travelling Film Festival.

Dagskrána og sýningartíma má kynna sér á www.bioparadis.is.













„Íslensk ber eru ofurfæða“
Segir Eyjólfur Friðgeirsson eigandi Íslenskrar hollustu ehf.
Rannsóknir benda til að regluleg bláberjaneysla geti haft fyrirbyggjandi áhrif á krabbamein, alzheimer og hjartakvilla. Þekkt er að berin hafa mjög góð áhrif á heilbrigði augnanna. Í þeim er mikið af andoxunarefnum.

Nýlegar rannsóknir í Háskólanum í Exeter á Englandi hafa leitt í ljós að heilbrigt fólk á aldrinum 65 til 77 ára, sem drakk saft úr bláberjum á hverjum degi fékk bætt minni, blóðflæði til heilans jókst og prófun sýndi aukna heilastarfsemi.
Dr. Joanna Bowtell, yfirmaður Íþrótta og heilsuvísinda Háskólans í Exeter, sagði:“Í þessari rannsókn höfum við sýnt fram á að dagleg neysla á 30 ml af bláberjasafa í tólf vikur eykur blóðflæði heilans og starfsemi hans batnar.”

Íslensk hollusta ehf er stærsti seljandi íslenskra berja hér á landi. Á undanförnum árum hefur fyrirtækið verið með á hverju hausti 10 til 12 tonn af berjum. Berin eru seld fersk á haustin og frosin allt árið.
Frosin ber frá fyrirtækinu í eru seld í Bónus, Melabúðinni, Fjarðarkaupum, Frú Laugu og fleiri verslunum. Mikið af berjum er selt til veitingahúsa, brugghúsa og fl.

Fyrirtækið vinnur sultur úr íslenskum aðalbláberjum, bláberjum, krækiberjum og hrútaberjum. Sulturnar innihalda 80% ber og mjög lítið af sykri eða aðeins 20%. Úr krækiberjum er gerður hrásafi sem er 100% hreinn safi án nokkurra viðbættra efna.

Eðalsaft frá íslenskri hollustu ehf er gerð úr aðalbláberjum og bláberjum. Saftin er ekki soðin og heldur því fersku náttúrulegu bragði og öllum innihaldsefnum óskemmdum. Í eðalsaftinni er viðbættur sykur um 7%. Fyrirtækið þurrkar aðalbláber við lágan hita og selur þau í duftformi og einnig í hylkjum til inntöku.





# Hugbúnaður

FÖSTUDAGUR 15. SEPTEMBER 2017

**Kynningar:** dk hugbúnaður, Kolibri, Stólpi, GreenQloud, Formenn




Hjá dk hugbúnaði starfa 58 manns, af þeim eru 16 í þróunardeildinni, 9 í hýsingardeidlinni og 26 í almennri þjónustu. dk er flutt í húsnæði við Smáratorg 3 (Deloitte-turninn), á 15. hæð. MYND/STEFÁN

# dk leiðandi í viðskiptahugbúnaði

Vaxandi fyrirtæki flytja sig yfir í dk. dk viðskiptahugbúnaðurinn er alhliða viðskipta- og upplýsingakerfi fyrir allar stærðir fyrirtækja, þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður og í notkun hjá yfir 6.000 fyrirtækjum. →2



Hér sést hluti af teyminu sem hefur þróað lausnirnar fyrir snjallsíma, vefinn og iPad . MYND/STEFÁN

Fyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi á sviði viðskiptahugbúnaðar hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja. Starfsemin hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og í dag vinna 58 starfsmenn hjá fyrirtækinu, af þeim eru 16 í þróunardeildinni, 9 í hýsingardeildinni og 26 í almennri þjónustu. dk er nú flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði við Smáratorg 3 (Deloitte-turninn), á 15. hæð.

## Sveigjanleiki dk

„Takmarkaðir notkunarmöguleikar eru veikleiki margra bókhaldskerfa á íslenska markaðnum og oft er ekki hægt að laga hugbúnaðinn að sérþörfum fyrirtækja. Við hjá dk höfum þróað fjölda sérlausna fyrir íslenskan og erlendan markað, svo sem almenn þjónustufyrirtæki, verslanir og veitingahús, hótel og gististaði, stéttarfélög, sveitarfélög, endurskoðunar- og bókhaldsþjónustu, útgerðir og fiskvinnslur og framleiðslufyrirtæki,“ segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar, ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni.

## Öflug stjórnendaverkfæri (viðskiptagreind)

Einn helsti kostur dk viðskiptahugbúnaðarins eru öflug greiningartól og stjórnendaverkfæri. Greiningarvinnslurnar í dk byggja á rauntímagögnum og sýna því stöðuna eins og hún er hverju sinni. Með stjórnendaverkfærum er mjög auðvelt að fylgjast með „stóru myndinni“ og bora sig niður eftir upplýsingum eftir því sem þörf er á.

dk býður upp á mismunandi sýn á gögnin sem svipar til svo kallaðra OLAP teninga. Þannig er hægt að skoða gögnin út frá mismunandi hliðum og skilgreina eigin sýn á þau.

„Í sölukerfinu er hægt að skoða sömu sölugögn út frá tímabilum, viðskiptavinum, flokkum viðskiptavina, svæðum, vörum, vöruflokkum, sölumönnum eða deildum. Kosturinn við að hafa þetta innbyggt er að ekki er þörf á neinum hliðarkerfum fyrir þessa sýn og ekki þarf að passa upp á neinar tengingar milli kerfa,“ segir Dagbjartur.

**» dk hefur þróað fjölda sérlausna fyrir íslenskan og erlendan markað, svo sem almenn þjónustufyrirtæki, verslanir og veitingahús, hótel og gististaði, endurskoðunar- og bókhaldsþjónustu, útgerðir og fiskvinnslur og framleiðslufyrirtæki.**

## Nútíma greiðslulausnir

Hafsteinn Róbertsson, sérfræðingur í afgreiðslukerfum hjá dk, segir þjónustu við afgreiðslukerfi sífellt verða stærri hluta af starfsemi dk hugbúnaðar. Nú er hægt að setja afgreiðslukerfi í snjallsíma og spjaldtölvur sem býður upp á mikil þægindi og tækifæri fyrir viðskiptavini.

„Mikil þróun hefur verið undanfarið í afgreiðslukerfinu hjá okkur og má helst nefna vildarkerfi og tengingu við alla nýju appgreiðslumiðlana eins og Netgíró, Pei, Aur, SíminnPay og posa frá Dalpay,“ segir Hafsteinn.

## dk iPOS afgreiðslukerfið

Hafsteinn segir markaðinn hafa kallað eftir snjalltækjalausnum og hafi dk hugbúnaður svarað því kalli. „dk POS pantanaappið fyrir iPad hefur notið mikilla vinsælda hjá veitingastöðum síðan það kom út fyrir þremur árum. Nú hefur dk tekið þá lausn lengra og gert að fullgildu afgreiðslukerfi sem við köllum afgreiðslukerfi dk iPOS. Með því er hægt að vera með afgreiðslukassann bókstaflega í vasanum því hægt er að vera með kerfið bæði í iPhone-símum eða iPad-spjaldtölvum. Við þessi tæki er síðan hægt að tengja jaðarbúnað á borð við þráðlausa prentara og greiðsluposa frá Dalpay,“ segir Hafsteinn.

Öll sala í dk iPOS afgreiðslukerfinu og samskipti við dk bókhaldskerfið fer fram í gegnum skýjaþjónustu, dk vistun. Umsýsla birgða er leikur einn og salan bókast sjálfkrafa í dk fjárhagsbókhaldi. „Einfaldara verður það ekki fyrir viðskiptavini okkar,“ segir Hafsteinn.



dk býður upp á lausnir sem má nálgast samstundis í snjallsímanum, á vefnum og iPad. Hér er dk afgreiðsluapp, dk stjórnendaapp, dk reikningaapp, dk pantanaapp og dk veitingahúsaapp sem hefur notið mikillra vinsælda hjá veitingahúsum síðan það kom út.



Mikil þróun hefur verið undanfarið í afgreiðslukerfinu hjá dk og má helst nefna vildarkerfi og tengingu við alla nýju appgreiðslumiðlana eins og Netgíró, Pei, Aur, Síminn-Pay og posa frá Dalpay. MYND/STEFÁN

## Örugg hýsing gagna hjá dk

Brynjar Hermannsson, deildarstjóri hýsingar hjá dk, segir hýsingarumhverfið hjá dk þróað í kringum viðskiptavini sem nota dk viðskiptahugbúnaðinn. Algengt sé að fyrirtæki séu með alhýsingu hjá dk og geti þá einbeitt sér að kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Fyrir hverja er skýið?

„Fyrirtæki af ýmsum toga og öllum stærðum nýta skýjaþjónustu hjá dk,“ segir Brynjar. „Allt frá einstaklingum með verktakaþjónustu og upp í stærstu fyrirtækin sem eru með tugi notenda. Hægt er að velja um mismunandi þjónustu. Kerfisleið I er einfaldasti pakkinn. Þá hefur viðskiptavinurinn aðgang inn í skýið okkar og dk kerfið, sem hann annaðhvort á eða leigir af okkur. Við tryggjum að öll leyfi séu í lagi og uppfærum kerfin þegar þarf. Í Kerfisleið II fær viðskiptavinurinn þar að auki aðgang að Word og Excel, tölvupósti og fleiru. Stærstu fyrirtækin eru að hýsa aðra hluti, ýmiss konar sérlausnir sem þá eru gerðir sérsamningar um,“ segir Brynjar.

## Nýjungar í dk

„Á næstu vikum og mánuðum munum við kynna fleiri lausnir í dk fyrir vefinn og snjalltækin,“ segir Dagbjartur. „Við erum að tala um lausn sem gerir notendum kleift að vinna með sölureikninga, pantanir og tilboð í gegnum spjaldtölvu, snjallsíma og vefinn. Við erum einnig að tala um lausn sem gerir notendum kleift að skrá inn í verkbókhaldið, stofna viðskiptavini og vörur og við erum að tala um öflugt stjórnborð fyrir úrvinnslu gagna og miðlun verðmætra upplýsinga til notenda. Notandinn getur auðveldlega breytt sinni sýn, vistað og veitt öðrum aðgang. Viðmótið er einfalt í notkun og hraðvirkt.“

Nánari upplýsingar má finna á www.dk.is.

dk hugbúnaður



Ólafur Örn Nielsen, framkvæmdastjóri Kolibri segir mikilla breytinga að vænta á viðskiptaháttum í náinni framtíð sem nauðsynlegt sé að búa fyrirtæki undir. MYND/ANTON BRINK

# Stafræn nýsköpun á íslenskum markaði

Miklar breytingar hafa átt sér stað á viðskiptaháttum fyrirtækja á undanförnum árum. Sjálfsafgreiðsla notenda, gervigreind og innreið stafrænna lausna á markaði hafa gert það að verkum að umhverfi stjórnenda er að mörgu leyti gerbreytt frá því sem áður var.

Það dylst fáum stjórnendum fyrirtækja að miklar breytingar eru að verða í flestum starfsgreinum. Þessar breytingar má að stórum hluta rekja til tækniframfara sem geta haft mikil áhrif á rekstur fyrirtækja. Það er þó hægara sagt en gert að undirbúa sig fyrir óskýra framtíð. Ráðgjafar- og hugbúnaðarfyrirtækið Kolibri hefur undanfarin ár starfað í félagi með mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins að þróun stafrænna lausna. Starfsemin hefur að stærstum hluta snúið að ráðgjöf og hugbúnaðarþróun og nýsköpun innan samstarfsaðilanna.

„Það eru margir einstakir þættir sem þurfa að koma saman svo vel takist til þegar fyrirtæki hyggjast breyta viðskiptaháttum sínum,“ segir Ólafur Örn Nielsen, framkvæmdastjóri Kolibri. „Það er ekkert leyndarmál að miklar breytingar eru handan við hornið og mikilvægt fyrirtækjum að undirbúa sig undir þær með einum eða öðrum hætti. Mörg fyrirtæki hafa þegar áttað sig á breytingum sem eru fram undan og tekið upp nýja stjórnunarhætti og innleitt lausnir sem byggjast fyrst og fremst á nýsköpun.“

> Samhliða þessum stafrænu breytingum eru kröfur til starfsfólks að gjörbreytast.
>
> Ólafur Nielsen

## Hvað er fram undan?

Nú á dögum eru sífellt að spretta upp nú fyrirtæki sem hafa svigrúm til þess að þróa nýja tækni og nálgun á viðskipti. „Það getur reynst stórum fyrirtækjum erfitt að bregðast hratt við og breyta viðskiptaháttum sínum. Oft verða stjórnendur fyrirtækja ekki varir við það þegar breytinga er að vænta. Á slíkum tímum geta nýir aðilar komið inn á markaði með lausnir sem valda miklu rofi á viðskiptum. Því er mikilvægt að stjórnendur taki af skarið og fari í greiningarvinnu á því hvernig mæta má þessum áskorunum. Ef tekið er mið af því hvernig farið hefur fyrir stórum fyrirtækjum erlendis þá er ljóst að einhverjir eiga eftir að verða undir og búast má við því að það verði þau fyrirtæki sem ekki eru undirbúin.“

## Notendur í fyrsta sæti

Kröfur viðskiptavina eru sífellt að breytast. Í dag eru viðskiptavinir oft á tíðum farnir að búast við því að þjónustan sem þeir þiggja sé hönnuð með þeirra sjónarmið að leiðarljósi. Í sögulegu samhengi hefur þetta ekki alltaf verið raunin. Fyrirtæki hafa í gegnum tíðina sniðið þjónustu sína að því hvað þeim sjálfum hentar best en ekki að því hvað hentar viðskiptavininum. „Okkar reynsla er sú að þegar fyrirtæki nálgast áskoranir með þarfir viðskiptavinarins efst í huga, er fremur um að ræða tækifæri en áskoranir. Þetta er ný nálgun af hálfu margra stjórnenda og getur krafist talsverðrar fyrirhafnar og viðhorfsbreytinga í upphafi.“

## Starfsfólk sem hugsar stafrænt

Þegar fyrirtæki umbylta viðskiptamódelum sínum og allri nálgun að viðskiptum sínum, er lykilatriði að starfsfólk sé vel undirbúið og að rétta fólkið sé rétt staðsett í allri virðiskeðjunni.

„Samhliða þessum stafrænu breytingum eru kröfur til starfsfólks að gjörbreytast. Fyrirtæki þurfa viðskiptamiðað fólk sem skilur vöruþróun til að ná árangri á þessu sviði. Það er ekki nóg að vera með hefðbundna verkefnastjóra heldur þurfa fyrirtæki að taka vörustjórnun upp á næsta stig þar sem aðili ber beinlínis ábyrgð á heildarframvindu og árangri tiltekinnar vöru eða þjónustu. Það má segja að þessir aðilar séu framkvæmdastjórar þessara vara eða þjónustu. Þeir búa yfir þekkingu á viðskiptaumhverfinu og geta borið kennsl á hvernig stafrænar lausnir geta leyst vandamál og skapað fyrirtækjum umtalsverð verðmæti. Þessir vörustjórar, ef svo má kalla þá, geta leikið stór hlutverk í samstarfi við aðra lykilstarfsmenn sem þurfa svo að notast við lausnirnar. Það má því segja að þó svo að hugbúnaðurinn sem settur er upp sé mikilvægur, er ekki síður mikilvægt að ganga úr skugga um að þeir sem eiga að vinna með búnaðinn séu undirbúnir.“

## Samstarfsaðili í stafrænni breytingastjórnun

Kolibri nálgast viðfangsefni með það í huga að hugmyndasmíði, hönnun og forritun sé unnin jafnt og þétt í nánu samstarfi með fyrirtækjum. „Það eru margir þættir sem þurfa að koma saman svo árangurinn sé í samræmi við væntingar. Okkar reynsla er sú að best er að hefja vandaða undirbúningsvinnu þar sem farið er yfir þau atriði sem geta haft áhrif á niðurstöður verkefnanna. Það er t.a.m. fastur liður í okkar starfsemi að koma inn í fyrirtæki og eyða tíma með starfsmönnum og stjórnendum til að geta betur metið hvar tækifærin og áskoranirnar liggja. Við höldum svo ítarlegar vinnustofur með helstu hagsmunaaðilum verkefna þar sem kafað er ofan í viðfangsefnin og reynt er að bera kennsl á helstu tækifæri og áskoranir. Í framhaldi af því hefst vinna við útfærslu þeirra lausna sem henta best hverju sinni.“

## 10 ár

Kolibri fagnar 10 ára starfsafmæli á þessu ári og hefur fyrirtækið vaxið og dafnað jafnt og þétt í gegnum árin. Nú starfa 27 starfsmenn hjá fyrirtækinu sem nýverið flutti höfuðstöðvar sínar í Borgartún 26. Húsnæðið fellur vel að þörfum Kolibri þar sem teymi fyrirtækisins hafa nú hvert sér rými og eru loftgæði og starfsumhverfi eins og best verður á kosið.

# Verkefnin kláruð tímanlega

**Kristinn Kristinsson er einn þeirra tölvunarfræðinga sem lengi hafa starfað erlendis. Hann segir starfsumhverfið ytra vera formfastara og hlutverk starfsmanna yfirleitt mun skýrara en hérlendis.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Breiðhyltingurinn Kristinn Kristinsson hefur stóran hluta síðasta áratugar starfað við hugbúnaðargerð erlendis hjá ýmsum fyrirtækjum í fjármálageiranum. Á árunum 2005-2006 starfaði hann fyrir íslensk-bandarískt fyrirtæki í Boston í Bandaríkjunum en hóf svo störf hjá Landsbankanum heima á Íslandi, korter í hrun, eins og hann orðar það sjálfur. „Í lok árs 2010 var svo aftur komin í mig mikil útþrá og ég flutti til London um mitt ár 2011. Eftir stuttan feril hjá öðru fyrirtæki álpaðist ég í viðtal hjá eignastýringarfyrirtækinu MFS þar sem ég hef starfað frá árinu 2012 við ýmiss konar hugbúnaðarsmíði sem snertir innri verðbréfakerfi bankans.“

Helstu verkefni Kristins hjá MFS snúa að þróun verðbréfakerfa. „Ég get alveg lofað því að það er miklu skemmtilegra og meira spennandi en það hljómar. Þar má helst þakka síbreytilegu lagaumhverfi, t.d. MiFID II innleiðingunni, og því er alltaf nóg af krefjandi verkefnum hér á bæ. Helstu áskoranir fram undan hjá mér eru innleiðing á nýju verðbréfakerfi og samþætting innri kerfa og munu þau verkefni halda mér uppteknum næstu misserin.“



Kristinn Kristinsson tölvunarfræðingur.

## Annað hugarfar

Á sviðinu sem Kristinn tilheyrir eru nokkur hundruð starfsmenn sem dreifast um allan heim. „Deildin mín inniheldur nokkra tugi starfsmanna en vinnuhópurinn sem ég er í núna telur um 15-20 manns, þar af erum við þrjú í London, flestir eru í Boston og svo einhverjir á Indlandi.“

Kristinn útskrifaðist úr tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2003 og hefur því eytt stórum hluta starfsferilsins á erlendum vinnumarkaði. Hann segir töluverðan mun á íslensku starfsumhverfi og því erlenda, bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi. „Samkvæmt minni reynslu er „þetta reddast“ hugarfarið eiginlega ekki til hér úti. Þar eru hlutirnir formfastari og allir hafa sín vel skilgreindu hlutverk. Einnig er mun meira um sérfræðinga á ólíkum sviðum. Fyrir margan Íslendinginn hljómar þetta kannski eins og algjör martröð og vissulega hefur svona vinnuumhverfi stundum farið aðeins í taugarnar á mér, einna helst þegar maður var nýfluttur út og enn að venjast þessu. En á móti kemur að hlutirnir eru oftar en ekki mun skipulagðari fyrir vikið og verkefnin klárast á réttum tíma.“



Kristinn Kristinsson hefur starfað við hugbúnaðargerð í nokkur ár hjá eignastýringarfyrirtækinu MFS sem er til húsa í fjármálahverfi London.

## Skemmtileg borg

Samskipti milli vinnufélaga eru líka ólík þeim sem tíðkast víða hér á landi. „Það er ákveðinn hópur starfsfólks sem fer á pöbbinn reglulega eftir vinnu á meðan aðrir halda sig út af fyrir sig. Félagslífið innan vinnunnar er ekki nærri því eins mikið og maður var vanur á Íslandi, það er helst að starfsfólk geri eitthvað saman tengt góðgerðarmálum.“

Nú hefur hann búið að starfað í heimsborginni London í rúm sex ár og kann afar vel við sig þar. „Sá sem er leiður á London er leiður á lífinu. Þó maður kynni sér ekki nema brotabrot af því sem er um að vera hverju sinni, þá er alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast. Veðurfarið hentar mér líka mjög vel, hér er ekki of heitt eða of kalt nema í mesta lagi örfáa daga á ári. Því get ég hjólað í vinnuna með góðu móti nær allan ársins hring sem mér finnst frábær kostur.“

Lausnir fyrir rafrænan rekstur

Strikamerki

Verslunarbúnaður
Vöruhúsalausnir
Prentaralausnir
Rekstrarvörur
Eignaumsjón

Bæjarlind 4 201 Kópavogur 575 1900 strikamerki@strikamerki.is

ZEBRA



Einfaldar og sveigjanlegar handtölvulausnir



Nútíma vinnuumhverfi krefst nútíma tækni. Edico býður upp á handtölvulausnir sem vinna með öllum nýjustu snjalltækjum.

Edico Handheld er hugbúnaður þróaður af Edico með einfaldleika og sveigjanleika í fyrirrúmi. Edico Handheld er notað meðal stærstu fyrirtækja á Íslandi til að auka afköst og skilvirkni í nútíma rekstri. Edico Handheld virkar best á nýjar handtölvur með Android stýrkerfi eins og frá Zebra.

Dæmi um notkun á Edico Handheld handtölvulausn:

> Vörutalning
> Vörumóttaka
> Birgðaskráning
> Sölutiltekt
> Söluafhending
> Uppfletting á vörum

EDICO
edico.is

Höfðabakki 3 / 110 Reykjavík / contact@edico.is / s: 571 8500

# Góð þjónusta í fyrirrúmi

Stólpi stefnir að því að vera með besta íslenska bókhalds- og upplýsingakerfið fyrir lítil og meðalstór félög hér á landi fyrir árið 2020. Kerfið býður upp á mikinn sveigjanleika fyrir ólík fyrirtæki.




Guðmundur Ingi Hauksson, framkvæmdastjóri Stólpa, og Klara Íris Vigfúsdóttir, einn af eigendum Stólpa.

Stólpi er íslenskt alhliða bókhalds- og upplýsingakerfi með lausnir fyrir flestar gerðir atvinnurekstrar. Kerfið á rætur sínar að rekja til ársins 1984 þegar það kom upphaflega út, þá í DOS-umhverfi. Síðustu fimmtán árin hefur kerfið verið í Windows-umhverfi sem býður upp á fjölmarga kosti að sögn Guðmundar Inga Haukssonar, framkvæmdastjóra Stólpa. „Kerfið okkar hefur tekið út mikinn þroska á þessum árum þar sem stöðugt nýjum og ólíkum þörfum viðskiptavina hefur verið mætt. Í dag býður Stólpi því upp á mikinn sveigjanlega eftir þörfum hvers og eins, enda hefur reynslan sýnt að engin tvö fyrirtæki eru með nákvæmlega sömu þarfirnar þegar kemur að upplýsingakerfi.“

### Þróun á kerfinu

Í ársbyrjun 2015 komu nýir eigendur, framkvæmdastjóri og starfsmenn að félaginu og var þá farið í umfangsmikla skoðun á rekstri þess, ekki síst á Stólpa og allri þjónustu við viðskiptavini. Í framhaldinu urðu miklar breytingar á innviðum og ásýnd félagsins auk þess sem skýr stefna var mörkuð til framtíðar, segir Guðmundur Ingi. „Einnig var ákveðið að fara í viðamiklar umbætur og viðbætur á kerfinu sem hafði lítið þróast á árunum 2008 til 2014. Á þessum árum var árlegur þróunarkostnaður um 5 til 10% af veltu en frá árinu 2015 hefur þetta hlutfall hækkað í um 40% af árlegri veltu. Það er til marks um stóraukna áherslu á þróun kerfisins og þá skýru stefnu að félagið verði með besta íslenska bókhalds- og upplýsingakerfið fyrir lítil og meðalstór félög á Íslandi á árinu 2020.“

### Aukin ánægja

Guðmundur Ingi segir ánægju viðskiptavina hafa stóraukist á stuttum tíma enda hafi ný stefna í þróun og þjónustu skilað tilætluðum árangri. „Nýjum viðskiptavinum hefur fjölgað talsvert undanfarið. Bæði nýir og eldri viðskiptavinir hafa gjarnan orð á því hversu gott er að vera í þjónustu hjá fyrirtæki eins og Stólpa, sem er ekki of stórt. Vegna smæðar okkar er þjónustan svo persónuleg og starfsmenn þekkja viðskiptavini sína vel. Nýir viðskiptavinir okkar, sem voru áður í þjónustu hjá stærri fyrirtækjum, upplifðu sig oft sem lítinn fisk í stórri tjörn. Nú hafa þeir hins vegar allt aðra sögu að segja og erum við auðvitað afar ánægð með það.“

Hann segir rúmlega 1.000 fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum nota Stólpa; allt frá einyrkjum upp í 300 manna fyrirtæki auk þess sem þau starfi í ólíkum atvinnugreinum, t.d. í innflutningi, framleiðslu eða í þjónustu. „Kerfið er einna vinsælast hjá þeim hópi viðskiptamanna sem óskar eftir sterkri samtengingu milli verkbókhalds og sölu-, birgða og launakerfis. Einnig er um að ræða félög sem senda mikið af rafrænum reikningum eða innlestur rafrænna reikninga með einföldum hætti. Sérlausn okkar fyrir bifreiðaverkstæði hefur einnig mælst mjög vel fyrir.“

### Öflugt þjónustuborð

Á þjónustuborði Stólpa eru lögð mikil áhersla á hraða og góða þjónustu við viðskiptavini enda leggja viðskiptavinir félagsins mikla áherslu á að fá skýr og skjót svör þegar á þarf að halda. „Stólpi hefur yfir miklum mannauði að ráða en hjá félaginu starfa m.a. reyndir forritarar, kerfisfræðingar, viðurkenndir bókarar, verkfræðingur og viðskiptafræðingar sem aðstoða viðskiptamenn eftir þörfum. Heyrir það til undantekninga ef mál eru ekki leyst innan tveggja til 24 klukkustunda.“´

### Helstu kerfiseiningar Stólpa viðskiptahugbúnaðar

- Fjárhagskerfi
- Skuldunautar
- Lánardrottnar
- Sölukerfi og innheimtukerfi
- Birgðakerfi og pöntunarkerfi
- Tollakerfi
- Verkbókhald og vinnuskýrslur
- Stimpilklukkukerfi
- Launakerfi
- Tímabókunarkerfi
- Rafræn innkaup
- Félagakerfi
- Bifreiðakerfi
- Skipakerfi
- Dýralæknakerfi
- Framleiðslukerfi

> Vegna smæðar okkar er þjónustan svo persónuleg og starfsmenn þekkja viðskiptavini sína vel.



Starfsmenn Stólpa og hundurinn Tinni.

### Bókhaldið í skýið

Flestir viðskiptavina fyrirtækisins hafa fært bókhald sitt yfir í „skýið“ sem er gagnaver Stólpa. „Þar er hver notandi með persónulega skýjatölvu sem hann getur umgengist eins og hverja aðra tölvu. Þar hefur hann aðgang að Stólpa, tölvupósti og öðrum gögnum sem hann kýs að geyma þar. Þannig getur notandi tengst skýjatölvu sinni frá nánast hvaða tölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma sem er, og haft þannig óheftan aðgang að öllum þeim gögnum og kerfum sem hann hefur þörf fyrir, óháð staðsetningu. Þetta er veruleg framför frá þeim tíma þegar kerfin voru bundin föstum tölvum. Gagnaöryggi er mun meira, vinnsluhraði mun betri, öll þjónusta við kerfið er líka mun einfaldari en þegar það er uppsett á vélbúnað notanda.“

Gagnaver Stólpa var allt endurnýjað á síðasta ári, segir Guðmundur Ingi. „Fyrirtækjum sem nýta sér þessa þjónustu hefur fjölgað hratt á síðustu tveimur árum. Við ákváðum því að endurnýja gagnaver okkar frá grunni og fengum mun öflugri búnað til að auka rekstraröryggi og einnig til að getað fjölgað þeim viðskiptavinum sem nýta sér þessa þjónustu. Nettengingar og öll öryggismál voru einnig endurnýjuð frá grunni.“

Nánari upplýsingar má finna á www.stolpi.is.



# NetApp is hiring!

We hire exceptionally talented people and support them to do what they do best. We value our employee's input greatly, and urge them to take initiative and be innovative. Looking after our people is an important part of how we do business. We nurture a dynamic and exciting workplace, with great opportunity for career acceleration. NetApp has been listed in the top 5 as the World's Best Multinational Workplaces for 5 consecutive years.

## Senior Software Engineer

As an experienced developer, you will take a leading role in design and implementation of our current and future products. You are comfortable working on existing or new code, and able to quickly understand code architecture. You will mentor new team members and lead by example.

## Software Engineer

As a part of our core team, you are comfortable working in a team of motivated people. You will work on implementing new solutions, as well as adding to existing codebases.

## Quality Assurance Lead

As the lead of our QA team, you will work closely with our development and SRE teams in an agile environment. You'll be responsible for writing test plans, analysing our testing needs, and designing and implementing automated system tests, including UI tests.

## Quality Assurance Engineer

As a part of our QA team, you'll execute manual tests, implement integration tests and help with our automation efforts. Working closely with our development and SRE teams on deployment verifications, you'll also assist with adding new components to our build pipeline and testing suite.

## Site Reliability Engineer

As a Site Reliability Engineer (SRE), you'll engage in and improve the lifecycle of services from design through deployment, operation and refinement. You'll maintain services by measuring and monitoring availability, latency and overall system health.

## Frontend Developer

As a part of our frontend development team, you will work on implementing, testing and debugging our current and future products.

## Office Manager

As our Office Manager you'll be responsible for the smooth running of our office and facilities; managing supplies; providing executive support; and assisting with incidental financial administrative tasks.

**Do you want to take part in building the True Cloud Concept for the biggest tech companies in the world?**

Do you love finding creative solutions to difficult challenges? Do you thrive as part of a committed team? Do you want to make an impact and help your career and your company advance together?

Then join our Reykjavik team and help accelerate the leadership of NetApp in Hybrid Cloud globally.

Apply now at: qstack.com/careers. Note that only applications in English will be accepted.

NetApp

NetApp is the leader in data insight, access, and control for hybrid cloud environments. NetApp provides global organizations the ability to manage and share their data across on-premises, private, and public clouds.

# Leitum að góðu fólki með ástríðu fyrir tækni

Jónsi Stefánsson, forstjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Greenqloud, spilaði knattspyrnu um árabil. Hann segist þó ekki hafa verið manna duglegastur að æfa fótbolta því tölvur og tækni áttu hug hans allan. Jónsi er hreykinn af árangri Greenqloud sem orðið er hluti af tæknirisanum NetApp.

Ég missti aldrei trúna. Sem gamall fótboltamaður þekki ég vel þá tilfinningu að vera í góðu og ósigrandi liði, og á ákveðnum tímapunkti fékk ég þessa sömu tilfinningu. Ég varð viss um að við myndum klára þetta á flottan hátt og það varð niðurstaðan,“ segir Jónsi, sem á árum áður lék knattspyrnu með margföldum Íslandsmeisturum FH.

Jónsi er að vísa í söguleg kaup bandaríska stórfyrirtækisins NetApp á íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Greenqloud sem framvegis mun starfa undir nafninu NetApp Iceland. NetApp er á lista Fortune 500, með starfsemi í 102 löndum og yfir 12 þúsund starfsmenn.

„Við stöndum á miklum og spennandi tímamótum,“ segir Jónsi. „Okkur hefur alltaf langað að vera í forystu hugbúnaðarsköpunar og nú hafa opnast dyr sem öðrum eru luktar. Verkefnin eru gríðarlega fjölbreytt, í samstarfi við fjögur stærstu tæknifyrirtæki heims.“

## Náðu að sanna sig

Greenqloud er sprotafyrirtæki sem stofnað var 2010 af frumkvöðlunum Eiríki Hrafnssyni og Tryggva Lárussyni utan um skýjaþjónustu sem leigði tíma á netþjónum. Þegar Jónsi tók við starfi forstjóra 2014 varð kúvending á starfsemi fyrirtækisins.

„Mitt fyrsta verk var að breyta Greenqloud úr þjónustufyrirtæki í hugbúnaðarfyrirtæki og mér til ánægju tóku Eiríkur, Tryggvi og stjórnin strax vel í það. Vitaskuld er aldrei auðvelt að segja stjórninni að slaufa einu tekjum félagsins og þróa hugbúnað í staðinn, en við gátum byggt fyrirtækið upp á skýjaþjónustunni og nýtt hana í hugbúnaðarþróunina,“ segir Jónsi um hugbúnaðinn Qstack sem er sérhönnuð hugbúnaðarlausn fyrir stjórnun skýjalausna og tölvuþjóna í fyrirtækjum.

„Árangurinn er afrakstur ómældrar vinnu en líka hugrekkis til að vera öðruvísi og kjarks til að fara inn á markað sem er þéttsetinn risum í tölvuvísindum. Munurinn á stórfyrirtækjum og sprotafyrirtækjum er að við þurfum enga bardaga að heyja við flókna skriffinnsku né löng og ströng samþykktarferli til að mega gera það sem hugurinn stefnir að. Við settum stefnuna himinhátt og bjuggum til vöru sem við vissum að væri brýn vöntun á, og jafnvel þótt svipaðar vörur væru á markaði fannst okkur við geta gert hlutina miklu betur. Við lögðum nótt við dag til að koma okkur á kortið og hægt og sígandi komumst við inn í stórfyrirtækin þar sem við gátum sannað okkur. Það gerði að verkum að nokkur af stærstu tæknifyrirtækjum heims fóru að sýna okkur áhuga,“ útskýrir Jónsi og er stoltur af sínu fólki.

„Svona gerist ekki af sjálfu sér og hver einasti starfsmaður á heiður af því hvernig til tókst. NetApp tryggði sér því ekki einungis kaup á hugbúnaðinum heldur líka hæfileikum starfsfólksins. Hér vinna miklir hugsuðir og nýjungagirni Íslendinga hentar afbragðsvel í hugbúnaðarþróun. Vitaskuld gerðum við urmul af mistökum, eins og velflest sprotafyrirtæki, en við náðum að leiðrétta þau og læra af þeim. Það má ekki hræðast það að gera mistök. Þau eru dýrmætur skóli á leiðinni og gera okkur sterkari, enda vonlaust að læra af mistökum annarra,“ segir Jónsi.



Framúrskarandi hugvit, dugnaður og sköpunarkraftur starfsmanna Greenqloud hefur komið fyrirtækinu í fremstu röð hjá bandaríska hugbúnaðarrisanum NetApp. Fyrirtækið hyggst tvöfalda starfsemi sína fyrir áramót og því vantar enn meiri mannskap á glæsilegan vinnustað þess í Kringlunni 5. MYND/EYÞÓR



Spáð og spekúlerað á skrifstofunni; forstjórinn, Jónsi Stefánsson, situr á milli frumkvöðlanna Tryggva Lárussonar og Eiríks Hrafnssonar. MYND/EYÞÓR

Hann kveðst ekki nógsamlega geta þakkað hluthöfum Greenqloud á langri leið.

„Það skiptir sköpum fyrir sprotafyrirtæki að vera með þolinmóða fjárfesta. Við vorum lánsöm að hafa hluthafa sem trúðu á vöruna og leyfðu okkur að læra af mistökunum. Til er orðatiltæki sem segir „10 year overnight success“, því stundum verða fyrirtæki allt í einu stór og áberandi, og þá talin manna á milli vera „one night success“. Það er aldrei þannig. Að baki liggur margra ára blóð, sviti og tár, og fyrir okkur tók það sjö ár.“

## Besti vinnustaðurinn

Höfuðstöðvar NetApp eru í Sílicon-dal Kaliforníuríkis og hefur vinnustaðurinn verið valinn sá besti síðastliðin þrjú ár. Þar er ekki keppt við aukvisa þar sem Google tróndi lengi vel á toppi listans. Jónsi barðist fyrir því að NetApp héldi starfsemi Greenqloud áfram hér á landi.

„Meirihluti starfsfólksins á hér fjölskyldu og óhægt um vik að flytjast búferlum vestur. Þegar bandarísk stórfyrirtæki kaupa erlend hugbúnaðarfyrirtæki er þess vanalega krafist að starfsemin flytjist til þeirra. Því er gaman að sjá hvað NetApp gefur okkur mikið sjálfstæði. Þeirra hagur er líka að halda ákveðinni einangrun því það er ekki endilega gott að allir séu á sama stað. Hér heima getum við haldið áfram að einbeita okkur að framþróun vörunnar og hefur NetApp gríðarlegar stækkunarhugmyndir, bæði hérlendis og í útibúi okkar í Seattle.“

Jónsi segir ánægjulegt hvað NetApp sé líkt Greenqloud.

„Ég hafði í hreinskilni áhyggjur af því að við myndum tapa okkar góða móral í skriffinnsku, en það kom skemmtilega á óvart hversu mikil líkindi eru með Greenqloud og NetApp. Bæði deila magnaðri nýsköpun og óbilandi sköpunarkrafti, eru tilbúin að fara ótroðnar slóðir og hafa djörfung til að vera leiðandi. Öfugt við stórfyrirtækin getum við hins vegar skapað með frjálsar hendur og unnið að hlutlausum hugbúnaði fyrir hvaða vélbúnað sem er.“

Stefnt er að tvöföldun fyrirtækisins fyrir áramót og er NetApp Iceland þegar byrjað að ráða til sín fólk.

„Þetta er frábær vinna en nám í tölvunarfræði er vitlaust markaðssett. Tölvunarfræði á ekki einungis að laða fólk að vegna hárra launa, sem þau vissulega eru, heldur vegna þess hversu heillandi og listræn hún er. Í atvinnuviðtölum spyr ég umsækjendur hvort þeir spili á hljóðfæri, semji ljóð eða máli myndir til að fá útrás fyrir sköpunargáfuna. Maður þarf nefnilega að vera listrænn og skapandi til að geta forritað, hugsanlega fyrir milljónir manna, og það má vera stoltur af því sköpunarverki.“

Jónsi vill sjá íslenska háskóla gera betur þegar kemur að menntun tölvunarfræðinga.

„Hvorki Háskóli Íslands né Háskólinn í Reykjavík fylgja eftir vinnumarkaðinum né trendum sem markaðurinn þarfnast. Í stað þess að sitja í skólastofum ættu háskólanemar að geta unnið að verkefnum í fyrirtækjum, öðlast með því hagnýta reynslu og fengið hana metna til einkunnar,“ segir Jónsi, sem viðrað hefur hugmyndina við háskólayfirvöld en við litlar undirtektir. „Þetta er dásamlega einfalt og ég tel víst að það myndi skila sér í sterkari og tilbúnari nemendum sem eru betur búnir undir atvinnulífið eftir útskrift.“

## Spennandi tímar fram undan

Hjá Greenqloud starfa nú 36 starfsmenn af átta þjóðernum.

„Nú þurfum við ekki lengur að leita að fjármagni en íslensk sprotafyrirtæki eiga erfitt með að keppa um laun við stærri fyrirtæki. Í staðinn geta þeir látið starfsmönnum kaupréttarsamning í té sem gefur þeim tækifæri á að hagnast eins og hluthafarnir, ef vel tekst til. Þetta vopn er slegið úr höndum sprotafyrirtækja með því að skattleggja kaupréttarsamninga eins og laun, í stað þess að setja á þá fjármagnstekjuskatt. Það er slæmt því þetta er eina tólið sem sprotafyrirtæki hafa til að keppa um besta starfsfólkið og einmitt þau þurfa besta fólkið.“

**”Þetta er frábær vinna en nám í tölvunarfræði er vitlaust markaðssett. Hún á ekki einungis að laða að vegna hárra launa, heldur vegna þess hversu heillandi og listræn hún er.**

**Jónsi Stefánsson**

Fram undan eru fjölmörg stór verkefni og segir Jónsi áríðandi að bæta við starfsfólki fljótt.

„Ég hvet fólk til að sækja um hjá okkur. Við leitum að góðu fólki sem hefur ástríðu fyrir tækni ásamt dug og þori til að vera leiðandi á því sviði. Starfshópinn viljum við hafa eins fjölbreyttan og hægt er því það skilar sér í fleiri sjónarmiðum og betri vöru. Hér eru engir aldursfordómar því síðast þegar ég tékkaði minnkaði sköpunarkrafturinn síst með hærri aldri. Við metum reynsluna því mikils, rétt eins og ungt og óreyndara fólkið okkar,“ segir Jónsi, ánægður á frábærum vinnustað þar sem mýmörg tækifæri gefast til að vinna sig upp.

„Tíma tekur að þjálfa upp fólk. Við forritum mikið í Go og vinnum mikið með Kubernetes sem ekki eru mjög útbreidd og leitum að fólki með þá reynslu. Hér gefast tækifæri til að vinna sig upp. Hópurinn er gríðarlega samstilltur því við gerðum þetta allt saman og erum öll með þá hugsjón að eiga enn margt eftir óklárað. Fram undan eru spennandi tímar og við vonum að sem flestir séu til í að taka þátt í því með okkur.“

Greenqloud er í Kringlunni 5. Sími 4150200. Sjá nánar á qstack.com.

# Vilja vekja áhuga stelpna á tækni- og raungreinum

Stelpur og tækni er heiti verkefnis á vegum Háskólans í Reykjavík í samvinnu við Samtök iðnaðarins og Ský. Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri HR, segir markmiðið að vekja áhuga stelpna á tæknigreinum. Kvenkynsfyrirmyndir séu nauðsynlegar í raungreinum og vísindum.

Ótal rannsóknir sýna að stelpur og strákar hafa jafnmikla trú á sér í raungreinum og stærðfræði framan af. Þegar kemur fram á unglingsár virðast hins vegar allt of margar stelpur telja stærðfræði meðfædda gáfu og eitthvað sem þær geti ekki lært. Þær séu „tungumálatýpan“. Markmiðið með verkefninu Stelpur og tækni er að vekja áhuga þeirra á að leggja fyrir sig nám í tæknigreinum og á að starfa við tæknigeirann,“ útskýrir Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Háskólans í Reykjavík.

Hún segir stelpur síður velja raungreinar í framhaldsskóla. Það komi þeim illa ef þær vilji til dæmis komast inn í tölvunarfræði eða aðrar tæknigreinar í háskóla.

„Við viljum því ná til þeirra áður en þær fara í framhaldsskóla. Til að byrja með lögðum við áherslu á tölvunarfræði en sambærilegan kynjahalla er að finna í verkfræðigreinum svo ákveðið var að útvíkka verkefnið. Dagurinn hefur verið haldinn þrisvar og næst verður hann haldinn í apríl 2018. Við bjóðum stelpum í 9. bekk til okkar í HR þar sem farið er í vinnustofur. Við leggjum okkur fram við að hafa vinnustofurnar skemmtilegar. Kennarar í tölvunarfræði, í tækniverkfræðideild og einnig nemendur, stelpur, sem stunda nám í tæknigreinum halda utan um þær. Stelpurnar kynnast forritun, læra hvaða filterar eru til dæmis á bak við Instagram, búa til rafmagnsmótora og ýmislegt fleira. Þá höfum við einnig fengið skemmtilegar konur eins og Steineyju og Sölku Sól til þess að vera með pepp-hugvekju.“


Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri HR.

> „Við setjum það sem skilyrði að það sé kona í tæknistarfi sem hitti hópinn.

### Sýnilegar fyrirmyndir

Hópurinn fer einnig út í fyrirtæki þar sem konur í tæknistörfum taka á móti stelpunum, segja frá sínum störfum í greininni og fá stelpunum verkefni til að vinna.

„Við setjum það sem skilyrði að það sé kona í tæknistarfi sem hitti hópinn,“ segir Jóhanna. „Sýnilegar fyrirmyndir eru eitt af markmiðum verkefnisins. Rannsóknir hafa einnig sýnt að stelpur upplifa sig sem týpuna sem „ekki getur lært stærðfræði“ í þeim löndum þar sem fáar kvenkynsfyrirmyndir er að finna á sviði raungreina og vísinda,“ útskýrir Jóhanna.

Hún segir verkefnið hafa gengið vel. Stelpunum finnist sérstaklega áhugavert að fara út í fyrirtækin og sjá hvað konur eru að fást við og vinna verkefni. Nú þurfi að ná til fleiri stelpna.

„Við fengum styrk frá framkvæmdasjóði jafnréttismála til þess að fara með verkefnið út á land og vorum þá í samstarfi við Háskólann á Akureyri og fyrirtæki fyrir norðan. Við gerðum það sama í smærri mynd á Ísafirði og í Fjarðabyggð. Stefnan er að gera meira og helst þyrftum við að geta farið hringinn um landið og boðið stelpum í 9. bekk um allt land upp á þennan dag,“ segir Jóhanna.


Stelpur og strákar hafa jafnmikla trú á sér í raungreinum framan af en það breytist þegar kemur fram á unglingsár.


Stelpurnar fá bæði fyrirlestra og vinna verkefni inni í fyrirtækjum.

# Xadd – einfalt og sveigjanlegt

Fyrirtækið Formenn hefur þróað hugbúnaðinn Xadd, auðvelt verkfæri fyrir Excel til að viðhalda gögnum miðlægt. Xadd hentar vel til upplýsingavinnslu af ýmsu tagi, til dæmis við fjárhagsáætlanagerð, framkvæmd áhættumats og verkáætlanagerð.

Xadd hefur verið í þróun allt frá árinu 2004 en hjá Formönnum sl. þrjú ár. Helstu kostir kerfisins eru einfalt viðmótið og sveigjanleikinn. Innleiðingin er afar auðveld og hægt er að útfæra nánast hvaða upplýsingavinnslu sem er,“ segir Ólafur Róbert Rafnsson, ráðgjafi hjá Formönnum.

„Hugbúnaðurinn var upphaflega ætlaður fyrir fjárhagsáætlanagerð. Nú eru íslensk fyrirtæki að nota kerfið við ýmis önnur viðfangsefni á borð við framkvæmd áhættumats, skráningu atvika, við gloppugreiningu og verkáætlanagerð, þar sem Excel er mikið notað. Þegar eru til Excel sniðmát fyrir fjárhagsáætlanagerð, nokkrar útfærslur fyrir framkvæmd áhættumats, eignaskráningu, fyrir hugbúnaðarprófanir og ýmislegt fleira. Stuðningur er svo við skýrslugerðarhugbúnað eins og PowerBI, Tableu, Qlik og svo framvegis.“

Xadd byggir á notendaviðmóti Microsoft Excel og Microsoft SQL gagnagrunni og nýtir alla kosti sem þessi vinsælu kerfi bjóða upp á.

### Auðveld uppsetning

Ólafur segir mjög auðvelt að setja hugbúnaðinn upp. „Það sem þarf að gera er að útbúa einn gagnagrunn í Microsoft SQL, setja upp kerfisstjóraviðmót sem tengist gagnagrunninum og setja upp hugbúnað á tölvu sem er með Microsoft Excel. Þá bætist við tækjaslá í Excel sem tengir sérsniðið Xadd Excel-skjal við gagnagrunninn.“

Tvær leiðir eru til að auðkenna notendur. Annars vegar með því að nota miðlægt aðgangsstýrikerfi eins og Active Directory og nota þá auðkenni notanda á Windows netkerfi (single-sign-on) og hins vegar með því að útbúa notendur í gagnagrunninum. „Gagnamagnið er mjög lítið og hentar vel fyrir hvaða upplýsingaóflun og vinnslu sem er. Högun kerfisins hentar til dæmis mjög vel í skýjaþjónustu.“


Ólafur Róbert Rafnsson, ráðgjafi hjá Formönnum. MYND/ANTON BRINK

### Hugað að gagnaöryggi og persónuvernd

Hvernig virkar Xadd? „Notandi opnar Excel-skjal og tengist Xadd-gagnagrunninum í gegnum tækjaslá í Excel. Þannig fær hann aðgang að gögnum sem sótt eru inn í skjalið. Við vistun upplýsinga eru gögnin skrifuð niður í gagnagrunninn og þeim bætt við þau sem fyrir eru. Þannig er gagnaöryggi tryggt og er útilokað að tapa gögnum eða færslum verði bilun eða mistök við vinnslu, því alltaf er hægt að sækja eldri stöðu og hefja gagnavinnslu á ný frá þeim stað,“ útskýrir Ólafur og bendir á að ný evrópsk persónuverndarlöggjöf taki gildi í maí 2018. „Þar er meðal annars gerð krafa um framkvæmd áhættumats. Sú aðferðafræði sem hefur verið hönnuð hentar mjög til að meta áhættu og þá hugsanleg áhrif vegna laganna.“

### Ný útgáfa væntanleg

Ólafur segir spennandi tíma fram undan hjá Formönnum þar sem ný útgáfa Xadd er á leiðinni. „Með henni geta notendur búið til sín eigin Xadd-sniðmát. Á örfáum mínútum getur notandi búið til aðgangsstýrt skjal sem vistar hvaða gögn sem er í gagnagrunn.“

Formenn. www.formenn.is, www.xadd.is, Mörkinni 3, s. 8402000.




# Náðu forskoti með lausnum frá Advania

Við bjóðum heildstæðar lausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Lausnaúrval okkar spannar upplýsingatækni í sinni breiðustu mynd.

Hafðu samband og við hjálpum þér að ná forskoti með snjallri notkun upplýsingatæknilausna.

**advania.is**

advania

Welcome to IT

# Forritun er mjög gefandi

## Birna Bryndís Þorkelsdóttir lauk námi í vefþróun í Vefskóla Tækniskólans í vor. Hún er í framhaldsnámi í Danmörku og finnst námið mjög skemmtilegt. Atvinnumöguleikar eru miklir í faginu.

Birna Bryndís er menntaður grafískur hönnuður og var að vinna sjálfstætt í alls kyns verkefnum áður en hún ákvað að læra vefþróun. „Það komu sífellt fleiri verkefni inn á borð þar sem var leitað eftir vefsíðugerð og það vildi svo heppilega til að frænka mín, Adda Birnir, var búin að stofna fyrirtækið Skillcruch sem kennir vefþróun á netinu. Ég byrjaði að læra hjá Skillcruch og fann strax hvað mér fannst það skemmtilegt. Þegar ég sá svo auglýst nýtt nám í Vefskólanum, sem var eins og sniðið fyrir mig, ákvað ég að sækja um. Námið var tveggja ára diplómanám,“ segir Birna.

Hún segir að það hafi komið sér á óvart hversu námið var skemmtilegt. „Kennsluaðferðirnar voru verkefnadrifnar þótt námið væri nýtt og því enn í mótun.

Mikill metnaður er lagður í námið og áhersla lögð á mikilvægi þess að vera í samtali við atvinnumarkaðinn. Forritun er mjög gefandi og mér finnst rosalega gaman að hanna útlit og fá svo sjálf að byggja það upp og sjá það verða til og virka. Núna er ég byrjuð í þriggja anna top-up námi í KEA – Copenhagen School of Design and Technology. Námið er viðbót sem færir mér BA-gráðu í vefþróun / web development og auðvitað líka tækifæri á skemmtilegu Köben ævintýri.“

> Þetta er bransi sem er alltaf á tánum og þróast hratt og því alltaf vöntun á metnaðarfullu og kláru fólki. Ég hvet konur til að skoða þetta nám.

Birna segist vera viss um að mikið framboð sé af skemmtilegum atvinnumöguleikum í vefbransanum, bæði í vefhönnun og forritun. „Þetta er bransi sem er alltaf á tánum og þróast hratt og því alltaf vöntun á metnaðarfullu og kláru fólki. Ég hvet konur til að skoða þetta nám og bara alla sem hafa áhuga á vefmálum. Þetta er mjög spennandi ferli, allt frá hugmyndavinnu í leit að góðri lausn, rannsóknarvinnu, hönnun og viðmótsforritun.

„Í námi hefur maður ákveðið svigrúm til að velja sér verkefni eftir áhugasviði og jafnvel að kynna sér ný tól og mismunandi forritunartungumál. Það er gaman að fá innsýn í margt til að geta fundið svo hvað hentar verkefninu best. Ég er mjög hrifin af teymisvinnu og í náminu eru verkefni oftast unnin í teymum.“



Birna Bryndís Þorkelsdóttir er í námi í vefþróun í Kaupmannahöfn og líkar það mjög vel.

Hún segir að áhugi á tölvum hafi vaknað snemma eða strax á unglingsárum.

„Strax þegar ég fékk fyrstu myndavélina mína og skanna og komst í kynni við Photoshop. Það opnaði fullt af nýjum möguleikum til að tjá sig og setja fram tilfinningar og hugmyndir á sjónrænan hátt. Svo spilaði ég Bubble Bubble öllum stundum. Núna hlakka ég til að fara að vinna eftir nám með flottu fólki við að hanna og forrita nýjar og spennandi stafrænar lausnir,“ segir Birna en skoða má verkefni hjá henni á síðunni thorkelsdottir.com.


æ p g s s l g m u ó h c m i k æ h f æ t h t s e
r v i ð h t p a o æ d y u n s i u c ó s v y t æ
d g e r u m v j ö u h y k b i f r t u b a r f i
ó f l ó k i n n y g n k a s æ l y e d æ v æ e a
f h l u t y m v b l i b o æ c ó þ þ v y e g j o
k y ö p u h m k t r n s c e v i c r n s h ó f c
d e i n f a l d a n d r ö h v v ö c m u o ó n o
v h t p a o æ d y d j l e v ó r v c g o h s u e
æ j m a æ l v t ö ö æ m f æ c k k m p d c v i j

**VIÐ ERUM TÖLVUDEILD YFIR 400 FYRIRTÆKJA**

Daglegur rekstur á tölvukerfum ásamt hýsingu gagna og hugbúnaðar eru okkar ær og kýr.
Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.

Við erum óháð vélbúnaðar- og hugbúnaðarframleiðendum og þannig tekur okkar ráðgjöf eingöngu mið af hagsmunum viðskiptavina okkar.

**Kynntu þér málið: 460 3100 / sala@thekking.is**

ÞEKKING
Tölvudeildin þín


REYKJAVÍK
SÍÐDEGIS
Þorgeir, Kristófer og Bragi fara yfir málefni líðandi stundar.
VIRKA DAGA MILLI 16:00 OG 18:30.
HLUSTAÐU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER
SJÓNVARP
BYLGJAN.IS
ÚTVAPPIÐ
FM 98.9
BYLGJAN
989



## Bestu fríu klippiforritin

Margir liggja á fjölda myndbanda á símum sínum og snjalltækjum og vita lítið hvað skal við þau gera. Ein sniðug leið er klippa þau til í efni sem skemmtilegt er að geyma til síðari tíma, eða til að birta á YouTube eða Facebook.

Til þess þarf þægileg klippiforrit. Fjölmörg slík eru á markaði en vefsíðan techradar.com hefur tekið saman fimm bestu klippiforritin sem hægt er að hlaða niður frítt.

1. **Lightworks**
2. **Shotcut**
3. **Hitfilm Express**
4. **VSDC Free Video Editor**
5. **Avidemux**



**Mussila er skemmtilegur tölvuleikur fyrir 6-11 ára krakka.**

## Nýr Mussila tölvuleikur

Mussila er íslenskur tölvuleikur sem snýst um að kenna 6-11 ára krökkum grunnatriði í tónlist á skemmtilegan hátt. Hann fæst í fjórum mismunandi útgáfum en í næstu viku kemur á markað ný útgáfa af fyrsta leiknum, Mussila Musical Monster Adventure, eða Mussila Skrímslaævintýri. Í þeim leik ferðast spilarinn um Mussila-eyjuna þar sem hann tekst á við ýmsar tónlistaráskoranir og lærir í leiðinni að þekkja hljóðfærin, hryn og laglínur auk þess að taka þátt í hljómsveitaræfingum með Mussila-skrímslabandinu. Hinir leikirnir þrír eru Mussila DJ og Mussila Planets og hátíðarútgáfa af plötusnúðaleiknum Mussila DJ Christmas.

> **Í Mussila-skrímsla-ævintýrinu ferðast spilarinn um Mussila-eyjuna og tekst á við tónlistaráskoranir af ýmsum toga.**

Mussila var viðfangsefni rannsóknar í Eistlandi en þar fengu 60 börn að leika Mussila-leikina í tónmennt. Jafnstór hópur hjá sömu kennurum fékk hefðbundna tónmenntakennslu og báðir hóparnir tóku próf í tónfræði fyrir og eftir. Hóparnir tveir fengu sömu einkunn í fyrra skiptið en eftir þessar þrjár vikur þar sem tónmennt var á dagskrá tvisvar sinnum í viku, fékk Mussila-hópurinn 12,1% hærri einkunn en í fyrra skiptið en hinn hópurinn stóð í stað. Mussila-leikirnir fást í App Store.

## Hvað er hugbúnaður?

- Hugbúnaður er tölvuforrit sem notað er til ákveðinna verkefna í tölvuvinnslu. Hugbúnaður myndar andstæðu við vélbúnað sem vísar til efnislegs rafeindabúnaðar sem hugbúnaðurinn stýrir.
- Hugbúnaður framkvæmir forritaskipanir, ýmist einstakar forritaskipanir fyrir vélbúnað eða hann sendir skipanir til annars hugbúnaðar.
- Hugbúnaður getur verið varanlegur hluti af vélbúnaði, sem fastbúnaður, en einnig fjöldaframleiddur eða smíðaður samkvæmt pöntun fyrir sérlausnir.
- Kerfishugbúnaður er fastbúnaður sem sér um grunnstýrikerfi, stýrikerfiskjarna og rekla.
- Miðbúnaður eru sem dæmi gagnagrunnar og ýmis netþjónshugbúnaður.
- Notendahugbúnaður er til dæmis skrifstofubúnaður.
- Sérbúnaður er hugbúnaður sem er sérsniðinn að þörfum einstakra notenda.
- Talað er um frjálsan eða opinn hugbúnað þegar notandi má nota hugbúnaðinn að vild og gera á honum breytingar.

**Heimild: Wikipedia**






Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA **UM ÞIG**

Við framleiðum íslenskt efni fyrir þig.
Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með **Stöð 2**.

MARGFALT SKEMMTILEGRI 365.is 365






















MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND OG BETRA VIÐMÓT

# APPLE TV Á 0 KR.




**með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365

Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir fyrsta flokks skemmtunar á sem bestan hátt. Með **365 sjónvarp á Apple TV** færðu meiri hraða, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nú getur þú fengið Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365.

VALITOR

Nánar á 365.is eða í síma 1817.




MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 365

## Bílar & Farartæki


BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
2017 HYUNDAI I10. EK 28 Þ.KM, BENSÍN, BEINSK. ÁSETT 1.590Þ #480667. S: 580 8900



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
2017 HYUNDAI I20 CLASSIC. EK 23 Þ.KM, BENSÍN, BEINSK. ÁSETT 1.780Þ #472478. S: 580 8900



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
2017 HYUNDAI I30 CLASSIC. EK 27 Þ.KM, BENSÍN,BEINSK. ÁSETT 2.480Þ #472426. S: 580 8900



**FRÁBÆR KAUP!!!**
2013 HONDA ACCORD. EK 72 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 1.990Þ #480495. S: 580 8900



**SUZUKI SÆLAN!!!**
2016 SUZUKI VITARA 4X4. EK 71 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR 6 GÍRAR. ÁSETT 2.690Þ #480660. S: 580 8900



**NÝR OG NOTALEGUR!!!**
2017 HYUNDAI TUCSON COMFORT 4X4. EK 27 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSKIPTUR 6 GÍRAR. ÁSETT 4.780Þ #472479. S: 580 8900



**PANORAMA OG LÆTI!!!**
2016 NISSAN X-TRAIL 4X4. EK 44 Þ.KM, DÍSEL, 6 GÍRAR. ÁSETT 4.690Þ #480454. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til i stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



LAND ROVER Discovery Sport HSE Black line. Árgerð 2017, ekinn 0 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. 7 manna og krókur. Verð 7.890.000. Rnr.212024.



HYUNDAI Tucson Premium Panorama 185 hö. Árgerð 2016, ekinn 55 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 4.790.000. Rnr.223079.

# LIND FASTEIGNASALA

## Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.

## Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.

## Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is
**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**



Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

# VIÐ ERUM AÐ TALA **UM ÞIG**

Við framleiðum íslenskt efni fyrir þig. Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með **Stöð 2**.

MARGFALT SKEMMTILEGRI
365.is 365

**Höfðabílar**
**Fossháls 27/ Draghháls megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



TOYOTA Hilux lx . Árgerð 2015, ekinn aðeins 24 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.250.000. Rnr.115973.



FORD B-max titanium. Árgerð 2013, ekinn aðeins 4 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.250.000. ný kominn úr þjónustu í Brimborg Rnr.340446.



DODGE Ram 3500 long horn ltd. Árgerð 2017, Nýr dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 8.048.000.Mjög vel útbúinn Rnr.115928.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Vörubílar



Til sölu Volvo FL10 með kassa og vörulyftu. Beinskiptur, 360 HP. árg '96, ek. 521 þús.km. Loftfjöðrun aftan og framan. Nýleg heilsársdekk. Er útbúinn fyrir hestaflutinga. S. 896 4316 Jósep

## Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2018**
**STÓRSPARNAÐUR!**
Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir vorið beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Allar fyrirspurnir sendist á: kriben@simnet.is
s. 863 4449

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 og 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is




## Garðyrkja

Greniúðun, sláttur og klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga
rétt á aðstoð
og hjálp ef
þau lenda
í ofbeldi










ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA
UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur
Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is
Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
